

# *Hugrekkið kom eftir fertugt*

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst, er sannkallað náttúrubarn. Hún elti ástina til Siglufjarðar eftir átján daga stefnumót.

– sjá síðu 10



## UPPÁHALDS VEITINGASTAÐIR



Erna Hrund Hermansdóttir, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni, deilir hér sínum uppáhaldsveitinga- og kaffihúsum, sem ljúft er að hugsa til á tímum samkomutakmarkana.

### 1 Matbar

Er uppáhaldsstaðurinn minn til að fara út að borða á, elska stemninguna á staðnum, maturinn er góður og matseðillinn skemmtilega settur fram, þannig að maður getur smakkað fleiri en færri rétti.



### 2 Pad Thai

Lítill staður í Álfheimum sem er besti take away-staðurinn og leynd perla í 104. Ódýrt, einfalt og ljúffengt.



### 3 Duck and Rose

Ég hef ekki ennþá sest þar inn en hef þó tekið take away og ef upplifunin af að borða á staðnum er jafn æðisleg og í gegnum take away þá hlakka ég til að setjast þar inn og borða. Hæpið á allavega rétt á sér!

### 4 Te og kaffi

Ég hef alla tíð verið mikill Te og kaffi aðdáandi, en Suðurlandsbraut er að koma sterk inn sem aðalfundarstaðurinn minn þessa dagana. Alltaf góð þjónusta og góður andi þar inni.

### 5 Heima hjá ömmu og afa

Þar er alltaf besti maturinn og nóg til af kaffi. Stundirnar og samtölin sem við eigum eru ennþá dýrmætari í dag, því ástandið hefur kennt manni að taka engu sem sjálfsögðum hlut því allt getur breyst á morgun.

# Búningadrama

# É

g er svo heppin að eiga frábæra nágranna og börnin okkar eru bestu vinir. Við búum í þremur húsum hlið við hlið og hjálpumst að í blíðu og stríðu. Það er ómetanlegt á tímum sem þessum.

Við ákváðum í gegnum allt COVID að leyfa börnunum okkar að leika sér saman en að sama skapi að vera ábyrg sjálf og vanda okkur í sóttvörnum svo börnin gætu fengið að njóta samvistanna.

Hugmyndin um að horfa á bestu vinkonu sína út um gluggann en geta ekki leikið sér með var einfaldlega of erfið fyrir sex ára gömul hjórtu.

„Hún er uppáhaldsmanneskjan mín. Við ætlum að eiga saman ísbúð, Bestís, þegar við verðum stórar,“ tilkynnti dóttir mín mér og það var því ljóst að þeim yrði ekki stíað í sundur nema í allra ýtrustu neyð.

Hrekkjavaka er eitt mesta ævintýri lífsins þegar þú ert sex ára. Að fá að klæða sig upp í alls konar flippaða búninga, nota tryllt mikið af málningu og háma í þig sælgæti hlýtur að vera hátíð.



Nágrannarnir – eða Mellinn eins og við köllum okkur (Melrose Place) – ákváðu að sjálfsögðu að halda hrekkjavöku saman án utanaðkomandi aðila. Búningar, chilli con carne og barnadiskó.

Svo komu fregnir af hertum sóttvarnaaðgerðum.

Með öndina í hálsinum horfði nágrannakona mín á mig.

„Nú verður þetta eins og í alvöru raunveruleikabætti.

Ef samkomutakmörkin verða tekin niður úr 20 í fimm þurfum við að kjósa einn út. Svo vikuna á eftir verður annar kosinn út.“

Ég fann munnvikin síga.

Í fjarska heyrðist barn gráta. Önnur nágrannakona hafði fönðrað búning fram á nótt en fékk tölvupóst seint um kvöld – kvöldið fyrir búningadaginn í skólanum – að allur 3. og 4. bekkur í skólanum færi



Búningadrama er hressandi.

MYND/TM

í sóttkví. Drengurinn færi því ekki í búningnum í skólann daginn eftir, né nokkuð annað. Hann var kominn í viku sóttkví.

Mér varð hugsað til vinkonu minnar sem ætlaði að gifta sig daginn eftir að hertar aðgerðir voru boðaðar. Enginn átti að vera viðstaddur nema foreldrar hennar og tilvonandi eiginmannsins. Börn teljast víst ekki með í takmarkanatölunni svo þau fengu að hanga inni. Svo vel vill til að tengdamóðir vinkonu minna er prestur. Engu að síður hefði það orðið til þess að ef takmörkin færu niður í fimm þýddi það að eitt foreldri yrði að standa fyrir utan stofugluggann á meðan. Hrikalega rómantískt.

Hvernig velur maður hvaða foreldri fær ekki að vera í brúðkaupinu manns?

En þetta reddaðist allt – takmarkið hélst við 10 sem er í seinni tíð alveg rosalega mikið af fólki. ■

## Burt með jólabjöllurnar

### SVART HÖFÐI

Svarthöfði er ekki frá því að þjóðarsálin sé haldin geðhvörfum. Eftir nokkrar vikur af bullandi þunglyndi og farsóttarkvíðaröskun eru Íslendingar upp til hópa skyndilega orðnir bullandi manískir. Húsmæður og -feður í fjötrum ofvirks oflætis marsera um heimili sín með tuskuna í einni og Bing & Grøndahl jólapostulínið í hinni að græja og gera fyrir jólin milli þess sem slurkur er drukkinn af einum af þeim skrilljón jólabjórurum sem nú flæða yfir samfélagið. Það liggur við að jafn margir jólabjórur standi til boða og Íslendingar eru margir.

Á sem sagt bara að hafa tveggja mánaða jólahátíð?

Strax má líta æsta grímu-

klædda Íslendinga á þönum um matvöruverslanir með körfur fullar af reyktu kjöti.

Líklega verður erfitt að kjaga fram úr rúminu á aðfangadag með þessu framhaldi. Allir svo illa haldnir af bjúg að heildar vatnssöfnunin gæti séð heilu héraði í Afríku fyrir nægjanlegu drykkjarvatni mánuðum saman. Og hvernig sjá menn fyrir sér að sinna fjarvinnunni þegar bjúgaðir fingurnir eru orðnir of stórir fyrir lyklaborðin?

Sem betur fer ætti hver einasti Íslendingur að eiga núna hið minnsta eina ketilbjöllu. Svona miðað við það að Costco hefur ekki undan að fylla á birgðir sínar og ganga ketilbjöllur nú solum í undirheimum Íslands líkt og um heróin af hreinustu sort væri að ræða.

Ef einhver á heimili Svart-

líklegan til að byrja að raula Ef ég nenni, þá stingur Svarthöfði á hljóðhimnur sínar.

Rétt er að taka það fram að Nóa-konfekt læknar ekki COVID-19 líkt og sumir virðast farnir að halda og ef menn ætla að safna hátíðarmör í heila tvo mánuði þá skulu þeir ekki láta sér detta í hug að því verði reddað um leið og Bjösssi í World Class fær að opna fyrir spinningtímana aftur.

Á meðan suða í sjónvarpinu uppfærslur af kosningavæli frá allt annarri þjóð sem er heilan hafsþjó í burtu frá okkur. Þar er kosið á milli kúks og skíts eða öllu heldur fávita eða ellíars. Af hundruðum milljóna íbúa eru frambærilegustu mennirnir til forsetaembættisins svo ógeðslega óspennandi að marga dreymir um að annar þeirra geispi golunni eftir að hann verður svarinn

í embætti sem forseti til að hleypa fyrstu konunni í embættið. Líklega er þetta frambærilegasta raunveruleikastjórnvarpið sem er í boði í dag. Ótrúverðugar persónur samt sem haga sér eins og persónur í Heilsubælinu í Gervahverfi og þetta eiga að vera leiðtogar eins stærsta stórveldis í heiminum.

Það er erfitt fyrir Svarthöfða að halda í gleðina á þessum tímum. Helst vill hann skreyta jólatréð á hádegi á aðfangadag og vera laus við allt stúss og vesen þangað til. Og engan veginn vill hann bæta við vaxandi lista af áhyggjum einhverjum ellíærum forseta hinum megin við hafið. Góðir þjóðarleiðtogar eiga í það minnsta tíu buff og Svarthöfði skal hundur heita ef Joe Biden eða Donald Trump eiga eitt einasta. ■

POTTURINN STEFNIR Í

50

MILLJÓÑIR



LEIKURINN OKKAR

## MEST LESIÐ

## Á DV Í VIKUNNI

**1** Sjáðu myndbandið – Vildi ekki setja á sig grímu í Bónus – „Þessi grímuskylda er að taka súrefni af fólki“ Íslenskur karlmaður birti myndband á Facebook þar sem hann skammaðist í starfsmanni Krónunnar fyrir að framfylgja grímuskyldu.

**2** Heiðrún útskýrir skjalamálið og hjólar í Gísla Marteini – „Hann hlýtur að stíga fljótt fram og biðjast afsökunar“ Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, var ósátt við Gísla Marteini Baldursson, þáttarstjórnanda Vikunnar á RÚV.

**3** Erlend kona segist ráðþrota á götunni: Íslenski eiginmaðurinn hafi trompast þegar framhjáld við nágbrannann kom í ljós – „Hann hótaði að drepa okkur“ Kona frá Marokkó segir íslenskan eiginmann sinn hafa hótað sér og elskhuga sínum lífláti og hent henni út á götuna.

**4** Manstu eftir „fallestu stúlku veraldar“? – Svona lítur hún út 9 árum seinna Thylane Lena-Rose Blondeau fór að sitja fyrir fimm ára og var kölluð „fallesta stúlka veraldar“. Hún er í dag 19 ára gömul og starfar sem fyrrsæta.

**5** Stefán í Dimmu segir illa farið með vin sinn – „Manni verður óglatt, þetta er svo ógeðslegt“ Stefán Jakobsson tók í vikunni upp hanskann fyrir ónafngreindan vin sem skuldar meðlag þrátt fyrir munnlegt samkomulag við barnsmóður um að meðlag skyldi ekki innheimt.

**6** Elísabetu Guðmundsdóttur lýtaskurðlækni sagt upp störfum Lýtaskurðlækningum Elísabetu Guðmundsdóttir var sagt upp störfum á Landspítalanum. Telur hún uppsögnina eiga rætur að rekja til viðhorfs hennar til COVID-19.

**7** Sængurgjafaveisla frá helvíti – Sannaði að eiginkonan væri ólétt eftir annan karlmann Karlmaður sýndi gestum sængurgjafaveislu myndskaið af eiginkonu sinni og elskhuga koma saman úr sturtu.

## Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



## Kosningar í Bandaríkjunum

Bandaríkjamenn gengu til kosninga í vikunni til að annaðhvort tryggja núverandi forseta, Donald Trump, áframhaldandi setu eða til að steypa honum af stóli og koma Demókratíkanum Joe Biden að. Kosningarnar voru æsispennandi og líkur á að lokaniðurstöður verði ekki kunngjörðar fyrr en að nokkru liðnu enda hefur Trump tilkynnt að hann ætli að reyna að fá atkvæðum hnekkt fyrir dómi vegna gruns um að kosninga-svindl hafi átt sér stað. Þær grunsemdir hans hafa þó ekki verið studdar neinum rökum þegar þetta er skrifað en útlit er fyrir að Biden hafi haft betur gegn sitjandi forseta.

## Samstaða meðal veitingahúsa

Veitingahús á höfuðborgarsvæðinu tóku höndum saman og skorðu á Íslendinga að nýta sér þjónustu veitingastaða til að styðja við þau á tímum COVID-19. Fóru þau þá nýstárlegu leið að mæla með því að fólk beindi viðskiptum til samkeppnisaðila til að sýna samstöðu í verki. Samhliða þessu átaki hefur fjöldi staða bætt fjölbreyttum möguleikum í svonefnda heimtöku-seðla sína og geta Íslendingar nú keypt sér margrétta máltíðir til að njóta heima.

## Víðir varð vondur

Víðir Reynisson, yfirlöggregluþjónn hjá almannavörnum, var harðorður á upplýsingafundi almanna- varna á mánudag þar sem hann ræddi um framkomu nokkurra viðskiptavina verslana við starfsfólk. Nú er verslunum gert skylt að framfylgja grímuskyldu og hafa einstaklingar í nokkrum undan- tekningartilvikum brugðist ókvæða við og tekið út reiði sína á starfsmönnum sem hafa sér þó ekkert til saka unnið. Víðir sagði slíka framkomu með ólíkindum. Allir séu að vinna í sam- einingu að sama markmiði núna og starfsfólk sem sé gjarnan fólk í yngri kantinum eigi slíka framkomu ekki skilið.



## Nakin hjá Nova

Fjarskiptafyrirtækið Nova vakti athygli fyrir nýja auglýsingu þar sem fyrirtækið auglýsir nýja þjónustu sína við eigendur snjallúra. Í auglýsingunni var allt látið flakka og mannlíkam- inn fékk að njóta sín í allri sinni dýrð, kviknakinn. Með aug- lýsingunni og nýja úrræðinu vill fyrirtækið hvetja til minni símanotkunar sem og vitundarvakningar um geðheilbrigði og jákvæða líkamsmynd. Auglýsingin hefur vakið mikla athygli og þrátt fyrir að fáir auglýsendur hafi farið þessa leið þá þykir framtakið vel heppnað og smekklegt.

## Brutu sóttvarnareglur

Valsmenn fögnuðu Íslandsmeistaratitli með pompi og prakt síðastliðinn föstudag og brutu með athæfinu sóttvarnareglur, en fleiri en tíu einstaklingar voru þar samankomnir og gættu ekki að tveggja metra reglu. Fögnuðurinn var harðlega gagn- rýndur opinberlega og hefur knattspyrnuliðið sent frá sér opinbera afsökunarbeiðni.

## Eldri borgarar í COVID

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, mætti á upp- lýsingafund almanna- varna á miðvikudag og brýndi fyrir eldri borgurum og aðstand- endum að huga vel að nær- ingu og hreyfingu í COVID-19 faraldri. Eins eru eldri borg- arar hvattir til að nýta sér tæknina til að verja tíma með fjölskyldu með myndsiðtölum og eins var óskað eftir fleiri sjálfböðavinum sem eru tilbúnir að vera Síma- vinnur eða Heimsóknarvinnur.



## DULARFYLLSTI FUGL ÍSLANDS?



Í þessari áhugaverðu, óvenjulegu og fallegu bók fjallar **Gísli Pálsson** um geir- fuglinn, fuglinn ófleyga sem varð eins konar tákn tegunda í útrýmingarhættu.

„... allt í senn spennandi frásögn um áhugavert fólk og tíma, kennslustund í sögu og hrollvekja.“

ÁRNI SNÆVARR, BLAÐAMAÐUR

Mamma og Pabbi  
HVAÐ ER  
LANGT Í MAT ?

EFTIR  
20 MÍNÚTUR



Ferskir fiskréttir, grænmeti,  
kartöflur og salat frá

 **Fiskréttir**  
BORDUM FISK  
[www.fiskrettir.is](http://www.fiskrettir.is)

**1099,**

# Láttu

## okkur sjá um matinn

Engin fyrihöfn og  
ekkert til spillis



**Veganréttir, Kjötréttir og fiskréttir**

Einfalt og fljótlegt

[www.fljotirrettir.is](http://www.fljotirrettir.is)

  
**FLJÓTIRRÉTTIR**  
EINFALT OG FLJÓTLEGT

# FURÐUFRÉTTIR VIKUNNAR

Furðulegar fréttir mæta oft afgangi í fréttumfjöllun þar sem þær þykja ekki jafn mikilvægar og aðrar. Þær eru þó oft engu að síður áhugaverðar og á köflum hreinlega skemmtilegar. Hér má sjá nokkrar afar furðulegar og skrautlegar fréttir frá liðinni viku.

Máni Snær  
Þorláksson  
manisnaer@dv.is



Heimurinn er vissulega flókið fyrirbæri og fréttirnar sem fylgja daglegu lífi fólks um allan heim eru oft mjög undarlegar. Furðufréttir hafa skemmt mannskepnunni um langa hríð og því engin ástæða til að hætta að halda þeim á lofti. Hér koma nokkrar undarlegar fréttir sem veita svo sannarlega tímabundna hvíld frá faraldursfréttum.

## Neitaði að fæða áður en hún hafði kosið

Karen Briceño González vann við kosningarnar í Orlando-fylki í Bandaríkjunum í vikunni. Hennar starf var að sjá til þess að allir sem hafa kosningarétt gætu kosið í kosningunum. Hún hafði þó ekki hugmynd um hvað átti eftir að gerast.

„Ég hafði aldrei séð neitt þessu líkt áður,“ sagði Karen í samtali við CNN. „Það er sama hverjar aðstæðurnar eru, við eigum að hjálpa fólki að koma atkvæðinu sínu til skila. Ég var að vinna við innganginn þegar maður kom inn og rétti mér tvö ökuskírteini.“

Karen sagði við manninn að hún þyrfti bara að sjá hans ökuskírteini en maðurinn sagði henni þá að konan hans væri komin á steypirinn og sæti úti í bíl. Hún neitaði að fara upp á spítala til að fæða barnið áður en hún væri búin að kjósa.

Þetta var afar óvenjulegt en Karen prentaði út blað fyrir konuna til að kjósa á. Karen fór með miðann til óléttu konunnar og beið fyrir utan bílinn á meðan hún kaus. „Hún þakkaði mér fyrir að gera þetta svona auðvelt fyrir hana. Hún talaði ekki mikið, ég held hún hafi verið með hugann við annað.“

Karen rétti þeim límmiða sem gaf til kynna að þau væru búin að kjósa og síðan fór óléttu konan ásamt manninum sínum á spítalann til að fæða barnið. „Ég vona að henni og barninu líður vel,“ sagði Karen að lokum.

## Lést í október en sigraði í kosningunum

Republikaninn David Andahl, viðskiptamaður og bóndi frá Norður-Dakóta í Bandaríkjunum, lést þann 5. október síðastliðinn eftir baráttu við COVID-19. Núna, um mánuði síðar, sigraði hann í kosningu



David Andahl lést í október en vann í kosningunum í nóvember.

SKJÁSKOT/NDTV.COM



Konan neitaði að fæða barnið nema að kjósa fyrst.

MYND/PIXABAY

um sæti á ríkisþinginu í Norður-Dakóta. CNN fjallaði um málið.

Þegar Andahl lést í október vakti það upp spurningar um hvað myndi gerast ef hann myndi fá sæti í kosningunum. Niðurstaðan varð sú að ef hann ynni, sem varð raunin, myndi stjórn Repúblikanaflokksins á svæðinu sjá um að velja nýjan einstakling til að taka sætið hans.

Þrátt fyrir að það sé ekki algengt að látnir einstaklingar vinni kosningar þá er það þó ekki einsdæmi í Norður-Dakóta. Árið 2018 vann Dennis Hof, eigandi vændishúss í Nevada, kosningu um sæti á ríkisþinginu um þremur vikum eftir að hann lést. Þá hafa að minnsta kosti fimm aðrir látnir einstaklingar unnið kosningar þar í landi síðan árið 2000.

**74 ára manni bjargað úr frysti** Í borginni Salem á Indlandi hefur mál eitt vakið mikinn óhug. Balasubramania Kumar, 74 ára gömlum manni sem glímdi við alvarleg veikindi,

var bjargað úr frystikassa. Fjölskylda hans er sögð hafa verið að bíða eftir að hann létist en maðurinn var óvænt útskrifaður af spítala eftir baráttu við veikindin. Fjölskyldan lét Kumar þá liggja í frystikassanum í von um að hann myndi deyja fyrr en ella, en kassinn er venjulega notaður til að geyma lík. NDTV fjallaði um málið.

Kumar fannst á lífi á þriðjudaginn þegar yfirmaður fyrirtækisins sem sér um frystikassana kom til að sækja kassann. Bróðir Kumar hafði fengið kassann að láni frá fyrirtækinu til að geyma líkið ef Kumar myndi deyja. Þegar yfirmaðurinn kom að sækja kassann og sá hvers kyns var kallaði hann eftir aðstoð og í kjölfarið var gamla manninum bjargað. Málið er nú til rannsóknar hjá lögreglunni á svæðinu.

## Fretraunir

Áhyggjufullur hundaeigandi eyddi fleiri hundruðum þúsunda í heimsóknir til dýra-

læknis út af hvítleiðum vindgangi í hundi sínum. Konan var ófrísk og fór að taka eftir hræðilegri lykt á heimili sínu, svo hræðilegri að hún gat ekki afborið hana. „Þetta lyktaði eins og úldin egg. Ég hélt þetta væri bara einangrað tilvik því hundar prumpa jú, en þessi lykt var bara ekkert eðlileg,“ sagði hundaeigandinn, sem kemur ekki fram undir nafni á samfélagsmiðlinum Reddit.

Lyktin hélt þó áfram að gjósa upp og grunaði hún fljótleiga hundinn um græsku. Hundurinn var því drifinn til læknis í mörg rándýr próf og rannsóknir. Það kom henni því á óvart þegar niðurstöðurnar bentu til þess að hundurinn væri hinn heilbrigðasti.

„Ég hélt ég væri að missa vitið. Kvíðinn fór að naga mig – hvað ef það væri samt eitthvað að hundinum? Hvað ef ég myndi missa hann? Ég var svo stressuð. Ég gat svo bara ekki meira og hágrét. Ég bara brotnaði saman,“ sagði konan. En lyktarvesenið hafði staðið yfir í um fimm vikur og nú

óttadist hundaeigandinn að vesalings hundurinn ætti ekki langt eftir.

Það var þá sem eigenmaður hennar loks gekkst við því að vera sökudólgurinn. „Ég henti honum út,“ sagði konan. En eigenmaðurinn hafði verið þögull í gegnum heimsóknirnar til dýralæknisins og allt baslið. Hann fékk þó að lokum að koma aftur heim gegn því að borga henni helminginn af útlögðum kostnaði vegna dýralæknisheimsóknanna.

## Ógurleg blóðsuga

Eldri karlmaður leitaði sér lækniástoðar í Kambódíu, sárþjáður eftir að blóðsuga hafði komist inn í líkama hans og sögið úr innýflum hans um hálfan lítra af blóði. Maðurinn hafði dýft sér til sunds á adamsklæðum einum saman þegar blóðsugan gerði sér lítið fyrir og skreið inn í getnaðarlim hans. Eðlilega fylgdi þessu gífurlegur sársauki, sérstaklega þegar maðurinn reyndi svo að kasta af sér þvagi.

Nokkuð erfitt reyndist að ná skepnunni út sem hafði bólgnað mikið upp af ofdrykkju, en það hafðist að endingu og nú hefur spítalinn á svæðinu gefið út viðvörðun til almennings um að gæta sín þegar hann fyllist þörf til að taka að fá sér sundsprett án sundfata.

## Borga í kókosnetum

Á fimmtudaginn útskrifuðust 165 nemendur úr Venus One Tourism akademíunni í Tegalang á Balí. Vegna kórónaveirunnar var árið ekki sérstaklega auðvelt og glímdu margir nemendur við fjárhagserfiðleika. Akademían ákvað þá að leggja sitt af mörkum til að hjálpa nemendum þegar kom að því að borga fyrir námið. Nemendum hefur nefnilega verið boðið að borga með kókosnetum fyrir námið.

„Vegna kórónaveirunnar höfum við ákveðið að vera sveigjanlegri en áður,“ sagði Wayan Pasek Adi Putra, yfirmaður akademíunnar, í samtali við fjölmiðil á svæðinu. „Við framleiðum kókosnetuolíu svo við ákváðum að bjóða nemendum að borga fyrir námið með því að koma með kókosnetur fyrir framleiðsluna.“ Wayan Pasek bætti því við að það væri mikilvægt að kenna nemendum að nýta náttúrulegu auðlindirnar í nágrenninu.

„Þegar faraldrinum er lokið geta þau snúið aftur í túristabransann og hafa lært meira en þau hefðu annars.“ ■



Rekstrarumsjón

# Látið okkur um rekstur húsfélagsins

Rekstrarumsjón býður upp á þrjár rekstrarleiðir vegna reksturs húsfélaga og geta viðskiptavinir því valið hversu umfangsmikla þjónustu þeir kjósa sér

Rekstrarleið 1

Fjármál og  
innheimta

Rekstrarleið 2

Fundabjónusta

Rekstrarleið 3

Full þjónusta

Dorbjörg  
Marínósdóttir  
tobba@dv.is



Dagatölin náðu varla í almenna sölu. Kannski svona 500 eintök en allt annað var forpantað,“ segir Gerður Arinbjarnardóttir eigandi Blush.is. Verslun Gerðar hefur selt jóladagatöl sem hressa kynlífið við síðustu sex ár og hafa þau alltaf selst upp.

„Það hafa þó aldrei selst eins mörg og í ár. Í heildina höfum við selt 3.000 stykki og voru þau öll búin 1. nóvember og er ekki von á fleirum, þar sem þau eru uppseld hjá birgnum okkar í Hollandi.“ Dagatalið kostar 24.900 krónur og hreinlega flaug út. Um töluverða aukningu er að ræða, en í fyrra seldust 1.200 dagatöl hjá Blush.is.

Gerður segir að á köflum hafi dagatalið jafnvel verið of vinsælt, þar sem þór hafa ætlað að gleðja hvort annað og bæði keypt dagatalið. „Það er í nokkrum tilfellum að einn aðilinn ætlar að koma hinum á óvart, svo að báðir aðilar hafa keypt. Sum þór eru greinilega mjög samstíga,“ segir Gerður og hlær. „Ef dagatalið er óopnað má skila því, svo það er ekki vandamál,“ bætir hún við.

#### Borga starfsfólki þrettánda mánuðinn

Gerður segir áhuga Íslendinga mikinn. „Við erum að kaupa 10% af því sem er framleitt fyrir Evrópumarkað af okkar birgja, svo við hljótum að selja mjög mikið miðað við höfðatölu.“

Líkt og fram hefur komið hefur sala á hjálpartækjum ástarlífsins aukist í heimsfaraldrinum svo um munar. „Almennt hefur Blush verið að auka sölu um 15% á ári, en við sjáum fram á hátt í 30% aukningu í ár. Það er brjáláð að gera og unnið fram á nótt. Þetta er langstærsta árið okkar frá því að verslunin var stofnuð fyrir hátt í 10 árum síðan.

Við erum líka mjög heppin með starfsfólk, sem hefur þurft að útvega sér pössun vegna skólalokana og bregðast við á ýmsan hátt með tilheyrandi fórnun vegna COVID. Við borguðum þeim þrettánda mánuðinn í laun, enda hefur starfsfólkið okkar staðið sig frábærlega,“ segir Gerður og leggur áherslu á að velgengni fyrirtækisins nái til starfsfólks.

#### Breytt viðhorf

Gerður segist finna fyrir mikilli viðhorfsbreytingu til kynlífstækja. „Við höfum verið að einblína á annan markað en aðrir og vöndum vöruúrvalið og að vörurnar séu ekki að særa blygðunarkennd fólks. Að pakkningarnar séu við hæfi og verslunin sjálf sé þannig uppsett. Auðvitað eru til dæmis einhverjir sem vilja kaupa analpumpur en það er þá kannski vara sem á heima frekar í netverslun,“ segir Gerður, sem segist skilja að



Gerður segir hlýlegt viðmót og snyrtilegar pakkningar skipta sköpum.

MYNDIR/ADSENDAR

# SELDU KYNLÍFSDAGATÖL FYRIR 75 MILLJÓNIR

Íslendingar virðast hafa sérstakan áhuga á dagatölum sem innihalda hjálpartæki ástarlífsins. Svo er komið að þær verslanir sem selja jóladagatöl með kynlífshjálpartækjum hafa flestar selt öll sín dagatöl og trónir Blush.is á toppnum, eftir að hafa selt 3.000 dagatöl.

#### MOKSELST

Dagatalið vinsæla mun að öllum líkindum framkalla mörg þúsund fullnægingar hérlandis, en það kostar 24.900 krónur og var uppselt 1. nóvember.

3.000 eintök seldust hérlandis, sem er 10% af allri framleiðslu fyrir Evrópumarkað.



það henti ekki öllum að versla í versluninni sjálfri, enda fari mesta salan fram á netinu. Það sé þó vissulega upplifun að mæta á svæðið og fá ráðgjöf og sjá vörurnar.

Hún segir að í augnablikinu sé mesta salan í paravörum og spilum.

Aðspurð hvort að fólk sé að versla mismunandi vörur eftir aldri segir hún að hún finni ekki mun á því á hvaða aldri fólk sé. „Það er algengast að fólk sé að kaupa einfaldar vörur þegar það er að versla í fyrsta sinn. Yngri hópurinn er að kaupa tæknilegri

hluti sem tengjast sínum og öppum, þannig að hægt er að tengja tækið við símann og síminn verður þá eins og fjarstýring. Eldri hópurinn og fólk sem er að versla í fyrsta sinn, er meira að kaupa egg til að örva snípinn og titrara sem er minimalískur í útliti.“ Gerður

segir hóp viðskiptavina vera mun breiðari en hún bjóst við þegar hún opnaði verslunina og stærsti kúnnahópurinn sé á aldrinum 30-55 ára. „Ég hélt að mest yrði um að fólk á aldrinum 18-35 ára myndi versla sér kynlífstæki, en svo er nú aldeilis ekki.“ ■

„Það er brjáláð að gera og unnið fram á nótt. Þetta er langstærsta árið okkar.“



**VILDARKORT**



**- FÁÐU MEIRA**

Allir kaupendur og seljendur hjá Lind fasteignasölu

fá **VILDARKORT LINDAR**

sem veitir **30% AFSLÁTT**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



**DORMA**



Fáðu framúrskarandi þjónustu og skráðu eignina þína á **FASTLIND.is**



LIND Fasteignasala  
**Uppspretta  
ánægjulegra  
viðskipta**

# 18 daga stefnumót og ævintýri alls staðar

Heimborgarinn Margrét Jónsdóttir Njarðvík elti ástina til Siglufjarðar og er nú orðin rektor Háskólans á Bifröst. Í foreldrahlutverkinu hefur hún lagt áherslu á að láta muna um sig í lífinu.

Erla  
Hlynsdóttir  
erlahlyns@dv.is



Förðun: Elín Reynisdóttir  
Myndir: Stefán Karlsson  
Sérstakar þakkir: Blómagallerí

Margrét Jónsdóttir Njarðvík tók við sem rektor Háskólans á Bifröst í sumar. Þegar tilkynnt var um ráðningu hennar í janúar óraði engan fyrir þeim áhrifum sem COVID-19 ætti eftir að hafa á menntakerfið í heild sinni. Á Bifröst er hins vegar yfir 20 ára reynsla af fjarnámi og þykir skólinn framúrskarandi á því sviði. „Bifröst er algjörlega COVID-klár háskóli og nýtur góðs af því nú,“ segir hún.

Það kemur því vart á óvart að þetta viðtal er tekið í gegn um fjarfundarbúnað, Margrét á Bifröst og blaðamaður í Reykjavík. Það getur verið erfitt að ná tengslum í gegnum tölvu en persónuleiki Margrétar er svo sterkur og afgerandi að hann nær samt að skína í gegn um vélbúnaðinn. Hún er hlý og hláturmild, persónuleg og æðrulaus. Margrét er ekki kona í tómi. Hún lætur um sig muna.

Fjölskylda Margrétar var ein af þeim fyrstu sem fluttu í Breiðholtið þegar það var að byggjast upp. „Við bjuggum í Ljósheimum þegar ég fæddist en árið 1968, þegar ég er alveg að verða tveggja ára, flytjum við í Bakkahverfið þar sem ég er alin upp. Breiðholtið hafði ákveðinn stimpil á sér og við Breiðholtsvillingarnir svokölluðu upplifðum að við þyrftum alltaf að sanna okkur þrefalt á

við aðra. Ég held að úr bekknum mínum séum við átta sem eru með doktorsgráður, þrátt fyrir að alast upp í þeirri trú að við værum ekki jafn merkileg og krakkar í öðrum skólum.

Bifröst er ákaflega góður skóli en lengi hafa þeir sem ekki sjá dýrðina í fjölbreytni háskólamenntunar í landinu talið sig hafa veiðileyfi á Bifröst, alveg eins og það var veiðileyfi á krakka úr Breiðholtinu. Þess vegna finn ég að ég á vel heima hér, í háskóla sem er talaður meira niður en nokkur innistæða er fyrir,“ segir Margrét sem hefur átta ára reynslu af störfum hjá Háskóla Íslands og nú ára reynslu af störfum hjá Háskólanum í Reykjavík. Nú sé kominn tími til að Bifröst njóti sannmælis.

## Vill leika sjálf í leikritinu

Margir þekkja Margréti sem stofnanda og eiganda ferðaskrifstofunnar Mundo. Fyrirtækið sérhæfir sig meðal annars í þjálfunarferðum íslenskra kennara erlendis, skiptinámi og sumarbúðum ungmenna á erlendri grundu auk þess að annast ráðgjöf í alþjóðamálum.

Hún er með doktorspróf í spænsku og bókmenntum frá Princeton University og MBA frá Háskólanum í Reykjavík. Hún var lektor í spænsku við HÍ og síðan dósent við viðskiptadeild HR, auk þess að stýra alþjóðasviði skólans.

**Hvað einkennir góðan stjórnanda?**

„Góður stjórnandi er góður hlustandi og hann hefur nokkur kíló af hugrekku í sitt-

hvorum rassvasanum. Góður stjórnandi lyftir öðrum upp. Hann passar að vera þjónandi og greiða götu fólksins sem hann er að vinna með,“ segir hún sem raunar rímar vel hugmyndafræðina á Bifröst þar sem boðið er upp á nám í þjónandi forystu.

Hún stofnaði Mundo 2011 eftir að hafa misst vinnuna. „Tíu dögum seinna var ég búin að stofna Mundo. Fyrst ætlaði ég að vera með styrkjaráðgjöf því ég er góð í að ná í alþjóðlega styrki en svo fannst mér ekkert skemmtilegt að sækja um styrki nema ég væri sjálf að leika í leikritinu,“ segir hún og hlær. „Ég fór því að hugsa um hvar styrkleikar mínir lægju; ástríða, hæfileikar og menntun.“

## Jakobsvegurinn breytti lífinu

Margrét kynntist Spáni þegar hún fór sjálf út sem skiptinemi og þá varð ekki aftur snúið. „Ein af mínum bestu vinkonum enn í dag er „mamma“ mín á Spáni. Ef við heyrumst ekki einu sinni í viku, þrjátíu og sex árum síðar, þá heyrumst við tvisvar eða þrisvar í viku. Við höfum gert svo margt saman í gegn um árin. Ég setti á laggirnar sumarbúðir í gamla þorpinu mínu hjá henni og bjó til skiptinámi á Spáni, Þýskalandi, Frakklandi og Bandaríkjunum.“

Hún situr í stjórn Félags kvenna í atvinnurekstri, hefur lengi hvatt aðrar konur áfram á ýmsan hátt, meðal annars til að stofna fyrirtæki, en viðurkennir að hún hafi sjálf haft efasemdir um Mundo fyrstu tvö árin, eða réttara sagt haft

efasemdir um sjálfa sig. „Mér fannst ég þurfa að fá mér alvöru vinnu og þorði ekki að setja alla orkuna mína í þetta verkefni. Mundo tók síðan flugið en ég þurfti að heyra það frá góðri vinkonu að ég ætti að veðja á sjálfa mig. Oft eru stærstu hindranirnar innra með okkur sjálfum. Það tók mig tíma að fá trú á sjálfa mig.“

Meðal þess sem Mundo hefur boðið upp á eru ferðir um Jakobsveginn sem Margrét hefur farið fimmtán sinnum, hvorki meira né minna. „Ég fékk fyrst áhuga á honum þegar ég fór út sem skiptinemi. Allar falletustu minjar byggingarlistasögu miðalda eru við Jakobsveginn. Ég var alltaf að reyna að draga fyrirverandi manninn minn með mér á Jakobsveginn en ég fór síðan í fyrsta skipti með nokkurra vikna fyrirvara árið 2012. Ég spurði þá bara á Facebook hver vildi koma með mér og ein vinkona mín var nógu vitlaus til að segja já,“ segir Margrét hlæjandi

en snýr sér fljótt að alvörunni.

„Þetta var lífsbreytandi fyrir mig. Við hjóluðum Jakobsveginn og gerðum ekkert annað en að borða, sofa og hjóla. Þarna var lífið einfaldað niður í þessar grunneiningar og það fer óhjákvæmilega eitthvað magnað af stað í huganum á manni þegar maður skynjar andann á veginum.“

## Uppgötvaði að hún var frumkvöðull

Margrét var gift í þrjátíu ár og það var skömmu fyrir skilnaðinn sem fyrsta ferðin af fimmtán var farin. Jakobsvegurinn er ein vinsælasta gönguleið heims og er gjarnan tengdur við andlega vinnu. „Við förum öll í gegn um lífskrísur, sumir velja að gera ekki neitt og þær verða að stóru graftarkýli. Margir upplifa ákveðin skil á milli líkama og sálar, tengslaleysi sem myndast þegar við hlustum ekki á okkur sjálf. Með því að fara Jakobsveginn er eins og maður nái að tengja sig aftur og nái utan um sjálfan





Margrét hefur lengi hvatt aðrar konur áfram og kom það því á óvart þegar hún hafði efasemdir um sjálfa sig.

## Við Breiðholtsvillingarnir svokölluðu upplifðum að við þyrftum alltaf að sanna okkur þrefalt á við aðra.

sig. Mér finnst ég hafa verið fjarlæg sjálfri mér á ákveðnum tíma í lífinu en ákvað svo að axla ábyrgð á sjálfri mér, eiga stefnumót við sjálfa mig og sinna sjálfri mér.“

Hún segir að hennar eigin ferðalag til þroska og umbreytinga hafi í raun byrjað um áratug fyrr þegar hún byrjaði í Háskólanum í Reykjavík. „Það var þá sem ég fattaði að ég var frumkvöðull,“ segir Margrét sem þá var komin hátt á fertugsaldur. „Ég hafði verið að vinna hjá opin-

berri ríkisstofnun og skildi ekki af hverju ég var alltaf með kúlu á enninu. Þarna uppgötvaði ég að það var því ég passaði ekki inn í kassann. Í HR fékk ég frjálsar hendur og frjóan jarðveg og vinnan var eins og frjór blómsturpottur fyrir mig. Ég bjó til spænsk-íslenska/íslensk-spænska orðabók, stofnaði alþjóðasvið skólans og ásamt öðrum meistaranám í alþjóðavískiptum. Ég fór síðan í MBA-nám þar sem ég tók kúrs um frumkvöðla og áttaði mig þá á

minni eigin frumkvöðlavinnu í gegn um árin. Í MBA-náminu fór ég að vinna með sjálfa mig og varð alltaf jákvæðari og bjartsýnni.“

Hér kemur blaðamaður með þá athugasemd hversu magnað það sé að uppgötva seint á fertugsaldri að maður sé frumkvöðull en Margrét skellir upp úr: „Þetta heitir að vera seinþroska!“

### Fullt hús af alþjóðlegum gestum

Um tvítugt flutti Margrét í

Vesturbæinn í Reykjavík þar sem hún hefur alið manninn flest ár sín á Íslandi. Heimili hennar hefur almennt verið afar alþjóðlegt og alltaf pláss fyrir alþjóðlega gesti. Eftir skilnaðinn fór hún þá leið að leigja út herbergi með fæði til að halda húsinu og var þá oft margt um manninn. „Ég var um tíma með eina úr Vestmannaeyjum, einn hálfspænskan og eina kínverska. Synir mínir þurftu stundum að spyrja: „Mamma, hver er þetta?“ Þeir, sem finnst óþægilegt að tala ensku, hafa í gegn um tíðina forðast að koma óboðnir í heimsókn því það eru alltaf einhverjir útlendingar á heimilinu.“

Eða þannig var það. „Alveg þar til ég elti ástina á Siglufjörð árið 2017. Þrátt fyrir allt mitt doktorsnám og meistaranám þá var ekkert sem nýttist mér jafn vel og að hafa búið í þrjú ár á Siglufirði áður en ég flutti á Bifröst.“

Eiginmaður Margrétar er Hálfán Sveinsson sem á Hótel Siglunes á Siglufirði og

rekur hinn margrómaða marokkóska veitingastað. „Ég fékk mikinn áhuga á byggðaþróun eftir að ég flutti þangað og fór að skilja landsbyggðina svo miklu betur. Það er ekkert sjálfsagt að allt sópist til höfuðborgarsvæðisins, það er verið að gera svo frábæra hluti um landið allt. Ég hef búið um allan heim – í Mexíkó, í Bandaríkjunum, á Spáni – en aldrei hef ég fengið jafn mikið menningarsjokk og þegar ég flutti til Siglufjarðar sem er mjög myndið. Ég fattaði þá hvað við getum gert mikið fyrir landið okkar. Hvert og eitt okkar getur lagt sitt af mörkum til að halda Íslandi öllu í byggð. Við þurfum fleira fólk inn í landið okkar og við þurfum að dreifa byggðinni. Það skiptir gríðarlegu máli fyrir framtíð okkar. Það er gott að hugsa um að bjarga heiminum og loftslagsmálunum en byrjum heima hjá okkur og hlúum að öllu landinu þannig að það haldist í byggð. Unga fólk á erindi út á land.“

Hún stýrði ferðaskrifstof-

unni Mundo síðan frá Siglufirði og var því komin með þriggja ára reynslu af fjarvinnu fyrir tíma COVID-19. „Það þurfti að vera einn starfsmaður á skrifstofunni, annars gat starfsfólkið bara verið hvar sem er og unnið að heiman. Það sem skipti máli er ekki hvar þú ert heldur að þú náir árangri með þau verkefni sem þú ert að sinna.“

#### Átján daga stefnumót

Samtals eiga Margrét og Hálf-dán fimm börn, hún þrjú syni og tvö stjúpbörn, sem öll eru komin yfir tvítugt. Og blessuð börnin voru áhrifavaldir að kynnum þeirra. „Ég skildi í mars 2015 og í júní hitti ég systur Hálf-dáns sem sagði mér að bróðir hennar hefði einmitt líka verið að skilja. Síðan gerist ekkert fyrr en tveimur árum seinna. Þá skráði besti vinur sonar míns mig á stefnumóttaforritið Tinder – og við „mötsuðum“. Við töluðum ekki saman í síma eða hittumst fyrr en mánuði seinna þegar við vorum búin að senda hvort öðru alls um þrjú hundruð blaðsíður. Ég var þá hætt að sinna Mundo og hann hættur að sinna hótelinu sínu,“ segir hún, augljóslega alveg bálskotin.

„Ég bauð honum þá í te-bolla sem varð að átján daga stefnumóti sem lauk bara því ég þurfti að fara til útlanda. Við hittumst fyrst í sumar-bústaðnum mínum í Borgarfirði. Við erum sannkallaðar tvíburasálir og bæði skemmtilega hvatvís. Það liðu því bara nokkrir dagar þar til hann kynnir mig fyrir foreldrum sínum og segir að hér sé kominn konan sem hann ætli að giftast. Ég kynnti hann síðan fyrir pabba. Þetta gerðist allt mjög hratt og hefur verið mikið ævintýri. Ég kikna enn í hnjúnum þegar ég sé hann. Það er eins og að vinna í happdrætti lífsins að kynnast einhverjum sem nennir þér eins og þú ert.“

Fyrir heimskonu eins og Margréti gæti margur ætlað að það væri stórt skref að flytja út á land, jafnvel til að elta ástina, en henni fannst þetta aldrei spurning.

„Ég hefði líklega hugsað þetta öðruvísi ef ég hefði ekki farið Jakobsveginn fimm-tán sinnum, ef ég hefði ekki fundið næringuna og gleðina sem náttúran hefur alltaf veitt mér. Í þessu COVID-hruni í mars þegar allir voru í panikk var ég bara á gönguskíðum í eyðifirðinum Héðinsfirði. Auðvitað hafði ég áhyggjur því ég vissi að ég var að tapa svakalega miklum peningum þar sem allar ferðir féllu niður en ég náði að njóta stundarinnar þar sem ég var alein á gönguskíðum í tunglskini að horfa á spikfeita rebba fara um hlíðarnar. Þessi náttúru-tenging gaf mér svo mikla orku og heilun. Ég er mikið náttúrubarn í mér og náði að hætta á blóðþrýstingslyfjum eftir að ég flutti á Siglufjörð.“

Ög frumkvöðullinn Margrét



Margrét lét verkin tala og stofnaði ferðaskrifstofuna Mundo tíu dögum eftir að hafa misst vinnuna.

## „Góður stjórnandi lyftir öðrum upp.“

fór af stað með gönguskíðanámsskeið Mundo á þessum frábæra stað. „Fólk fór alveg á gönguskíði á Siglufirði en það voru engin námskeið. Nú eru gönguskíði bara málið og rosalega mikið bókað. Stundum fæ ég svolítið góðar hugmyndir,“ segir hún og kímir. „Stundum kemur þú inn í nýtt umhverfi, kemur með þínar hugmyndir og nærð að skapa.“

#### Ræturnar í Borgarfirði

Þá voru það lítil viðbrigði að flytja á Bifröst en þar liggja rætur Margrétar. „Pabbi er fæddur hér í Borgarfirðinum, í Fljótstungu á Hvítársíðu. Mamma kom í Borgarfjörðinn sem kennslukona og hér kynntust þau. Ég er því komin í fótspor mömmu og pabba. Maðurinn minn núverandi er

líka úr Borgarnesi þannig að ég tengist samfélaginu sterkt. Fyrsta morgunin sem ég fór út að hlaupa í morgunsólinni á Bifröst heyrði ég hamarshögg. Þarna voru þá komnir smiðir sem voru að vinna hjá móðurbróður mínum í Borgarnesi og ég þekkti pabba þessara ungu smiða. Ég er komin á stað sem skiptir mig miklu máli og ég vil byggja samfélagið á Bifröst upp þannig að það tengist út allan Borgarfjörðinn.“

Hún segir Háskólann á Bifröst hafa þá sérstöðu að þar nemi margir af landsbyggðinni sem búi svo áfram í sinni heimabyggð eftir útskrift. „Þeir sem fara af landsbyggðinni í háskóla í Reykjavík í lengjast þar oft. Bifröst skiptir því miklu máli fyrir

byggðapróun í landinu og er ótrúlega merkilegur háskóli upp á það að gera. Fyrir þá sem kjósa fjarnámið þá er það umhverfisvænt og fer vel með tíma þinn þar sem það sparar ferðir til og frá skóla. Þú getur hlustað á fyrirlestra á meðan þú ferð í gönguferð eða horft á þá um leið og þú eldar kvöldmatinn. Hér eru kennarar með mikla reynslu og þekkingu af fjarkennslu og finnst gaman að kenna á þann hátt.“

Meistaránám í forystu og stjórnun, viðskiptalögfræði og menningarstjórnun er meðal þess sem hefur notið hvað mestra vinsælda meðal nemenda. Nú á haustönn var bryddað upp á þeirri nýbreytni að taka á móti nemendum á miðri önn en annir á Bifröst skiptast í lotur þannig að hæg voru heimatökin. „Þúsundir hafa misst vinnuna síðustu mánuði. Við ákváðum að sýna samfélagslega ábyrgð, taka á móti nemendum beint inn í seinni lotu annarinnar og það mæltist afar vel fyrir. Það skiptir máli fyrir fólk á krossgötum að hafa val um að fara í nám og gera eitthvað uppbyggilegt.“

#### Metfjöldi nemenda

Hún segir metfjölda nemenda við skólann í vetur og aldrei fleiri í meistaranáminu. Þá er nú í fyrsta skipti boðið upp á diplómanám í skapandi greinum. Þetta er hagnýtt nám þar sem lögð er áhersla á að læra með því að koma skapandi hugmyndum og verkefnum í framkvæmd. „Nemendur koma þá inn með hugmynd – kannski að bók sem þá langar að skrifa eða fyrirtæki sem þá langar að stofna – vinna að hugmyndinni í heilt ár og fá námskeið fyrir hvert þrep í ferlinu. Í lokin er hugmyndin fædd. Það er allt of algengt að við látum ekki drauma okkar rætast. Hér breytum við því.“

Næsta haust verður boðið upp á nýtt meistaranám í því sem hefur verið kallað áfallastjórnun, eða „master of disaster“. Margrét segir þetta einstaklega viðeigandi eftir hið mikla hamfaraár 2020 en námið er skipulagt í samstarfi við ríkislögreglustjóra, Rauða krossinn, Landsbjörg og Slökkviliðið, meðal annarra. „Þetta ár byrjaði með óveðri og rafmagnsleysi víða um land. Það var síðan bara byrjunin,“ segir hún.

#### Mamma í vegagerð

Margrét segir sig búa að því að hafa alist upp með fyrirmyndir sem létu til sín taka í samfélaginu. „Mamma var ein af þeim sem stóðu að kvennafrídeginum, fór í leiðsögunám, öldungadeildina, háskólann og vann úti. Hún var af fyrstu kynslóð íslenskra kvenna sem voru alltaf í vegagerð, alltaf að búa til nýja vegi og fara gegn almenningsálitinu. Það getur verið erfitt en líka skemmtilegt.“

Synir Margrétar hafa ekki síður verið óhræddir við að feta eigin brautir. Tveir þeirra, Snorri og Bergþór Mássynir, halda úti hinum vinsæla hlaðvarpsþætti Skoðanabráður þar sem þeir fara ekki í grafgötur með skoðanir sínar. Snorri er blaðamaður á Morgunblaðinu og Bergþór umboðsmaður hljómsveita og með útvarpsþátt um rapp. Hann er við það að hefja nám í fjölmiðlafræði.

Þriðji bróðirinn er Ari sem býr í Ástralíu og talar tíu tungumál. „Hann var að vinna sem landvörður fjóra mánuði á ári og ferðaðist þess utan um heiminn og lifði á loftinu.“ Margrét var svo ekki svikin um stjúpbörn en Sveinn Gunnar starfar sem sálfræðingur og Kristín er í mastersnámi í CBS.

Ög hún er bara nokkuð stolt af þessum krakkaskara. „Ég vona að mér hafi tekist að gefa þeim hugrekki til að láta bara vaða. Ég held að þau hafi fengið skýr skilaboð frá foreldrum sínum um að láta muna um sig í lífinu. Það er allt í lagi að bulla stundum og allir gera fullt af mistökum. En láttu muna um þig. Það er hægt að velja það að læðast um en ég vona að þetta hafi verið gjöfin til þeirra. Að láta muna um sig í lífinu.“ ■

# GÁMASALA HÁPRÝSTIDÆLUR



MPX 22EH

**24.900 kr.**

Áður 38.900 kr. (Afsláttur 14.000 kr.)

Öflug **MICHELIN** háprýstidæla sem hentar vel til þess að þrifa bílinn og í kringum heimilið. Dælan er 160 bór með 7,6 L/mín vatnsflæði. 2,2 KW mótör. Kemur með 6 metra barka, kvoðubrúsa, stillanlegum spíss og túrbospíss.



MPX 27DTS

**44.900 kr.**

Áður 64.900 kr. (Afsláttur 20.000 kr.)

Mjög öflug **MICHELIN** háprýstidæla **Dual Tech** sem er með tveimur mótörum sem gefur tvöfalt vatnsflæði og gerir þriffin enn fljótlegri. Dælan er 160 bór með 14 L/mín vatnsflæði. 2,7KW mótör. Kemur með 8 metra barka, kvoðubrúsa, stillanlegum spíss og túrbospíss.

**VERKFÆRA  
SALAN**



# FORSETAKOSNINGAR OPINBERA SKEKKJUR Í SKOÐANAKÖNNUNUM

Þó úrslit liggi ekki fyrir þegar þetta er skrifað er víst að draugur 2016 vofir enn yfir. Kerfisbundin skekkja virðist vera Demókrötum í vil af óútskýranlegum ástæðum.

Heimir  
Hannesson  
heimir@dv.is



Óhætt er að segja að kosninganótt hafi valdið þeim miklum vonbrigðum sem bjuggust við, og vonuðust eftir, stórsigri Joes Biden. Þó að allt bendi til þess þegar þetta er skrifað að Biden merji sigur á lokametrinum var þriggja daga bið eftir niðurstöðum ekki hluti af pakkanum sem stuðningsfólk Bidens hélt að það væri að kaupa á kosninganótt.

Skoðanakannanir höfðu gert ráð fyrir stórsigri Bidens. Hann mældist með 8-10% forskot á Trump á landsvísu, og af sveifluríkjunum svokölluðu naut Biden forskots í þeim öllum nema einu, Ohio. Hann átti að taka Flórída, Georgíu, Arizona, Nevada og fleiri leikandi. Undir blálökin var meira að segja talað um að Biden gæti tekið Texas, og orðið fyrsti Demókratinn til að gera það síðan 1976. „Bláa aldan“ var á leiðinni.

## Kerfisbundin skekkja blasir við

Ef þessi svokölluðu sveifluríki eru skoðuð kemur í ljós að Trump kom á óvart í þeim öllum. Hér er stuðst við samantekt marktækra kannana á [fivethirtyeight.com](http://fivethirtyeight.com).

Byrjum á Ohio, eina sveifluríkinu þar sem Trump mældist sannarlega með forskot daginn fyrir kjördag. Forskotið í skoðanakönnunum var um eitt prósent, en Trump bætti um betur í kosningunum og sigraði með rúmum 8%.

Tölur frá Flórída, sem heimsbyggðin hafði auga með strax við lokun kjörstaða, gáfu strax til kynna að eitthvað hafði farið úrskeiðis í skoðanakönnunum. Biden sem mælt hafði yfir í Flórída án undantekninga frá því í lok febrúar og var með 3% forskot daginn fyrir kjördag, tapaði með meiri mun en hann átti að vinna með, 3,3%.

Í Pennsylvaníu var Biden með rúmlega 5% forystu í öllum marktækum mælingum síðan í lok júní. Þegar þetta er skrifað er Trump að vinna með 2,6%, þó að það gæti tekið einhverjum breytingum. Biden átti að vinna Nevada með 5% líka. Þegar þetta er skrifað eru úrslit þar enn óljós, en ljóst er að forskot



102 milljónir Bandaríkjamanna greiddu atkvæði utan kjörfundar. Víða er tekist á um talningu þeirra.

MYND/GETTY

hans var aldrei 5%, hvorki í Pennsylvaníu né Nevada.

Michigan, Wisconsin og Minnesota áttu að vera örugg í horni Bidens enda var hann með 7-9% forskot í könnunum. Hann sigraði í þeim öllum, en Wisconsin með aðeins rétt rúmum 20.000 atkvæðum eða tæpu einu prósentu og Michigan með tæpum 3%.

Þegar þetta er skrifað eru þrjú dagar liðnir síðan kjörstaðir voru opnaðir í Bandaríkjunum, og úrslitin liggja ekki fyrir. Þó að staðan sé björt fyrir Biden geta kosningarnar fallið á báða vegu. Ef talningu atkvæða væri hætt nú yrðu úrslitin þau að Biden yrði forseti með fæstum mögulegum kjörmönnum, eða 270. Það er 50,1% af kjörmönnum. Slíkt gerðist síðast þegar Ruthord B. Hayes var forseti árið 1876. Þá var heildarfjöldi kjörmanna 369 og hlaut Hayes 185, eða 50,1%.

## Skoðanakönnuðir lærðu ekki sína lexíu

Þó að umræður um það séu enn ekki hafnar er ljóst að þegar úrslitin liggja fyrir og rykið sest verður þörf á umræðu vestanhafs um raunverulegt spágildi skoðanakannana. 2016 var þungt högg fyrir skoðanakönnunarfrýr-

tækin en þau höfðu sagt fyrir þessar kosningar að þau hefðu lært sína lexíu af kosningunum þá. Hvort mistökin nú eigi sér sömu rætur og mistökin árið 2016 eða hvort þessi kerfisbundna skekkja sé ný af nálinni er ekki vitað, en búast má við að þetta verði skoðað af mikilli nákvæmni.

Á skekkjurnar 2016 var ítrekað bent í aðdraganda kosninganna nú og þeim ábendingum idulega svarað með því að a) skoðanakönnuðir hafa lært sína lexíu, og b) jafnvel þó að sama skekkja væri í skoðanakönnunum fyrir kosningarnar nú og var árið 2016 væri forskot Bidens einfaldlega svo miklu, miklu meira að slík skekkja skipti engu máli. Hann myndi samt rústa þessu.

Ekkert af þessu var rétt og skekkjan reyndist meiri en árið 2016. Biden rústaði engu.

Frank Luntz, sérfræðingur í framkvæmd skoðanakannana og kosningaráðgjafi Repúblikana til margra ára, sagði í kjölfar kosninganna 2016 að ef „bransinn“ klúðraði aftur spám sínum árið 2020 gætu það orðið endalok spáfyrirtækjanna. Aðspurður út í þessi orð nú í kjölfar kosninganna dró hann heldur í land, en benti engu að síður á að sú staðreynd að ekki hefði

tekist að lagfæra skekkjurnar á fjórum árum muni draga varanlega úr trú manna á að staðan verði eitthvað betri 2024. Þannig gætu óvæntu úrslitin, fyrst árið 2016 og svo aftur 2020, orðið til þess að þingkosningarnar 2022 og forsetakosningarnar 2024 verði með allt öðrum hætti hvað kannanir varðar. Minna verði horft til fylgiskannana og meira til spurningahópa og afstaða kjósenda til tiltekinna málaflokka könnuð af meiri krafti.

Gefnar voru margar ástæður fyrir skekkjunum 2016. Sumar snéru að því að ákveðnir eiginleikar voru of- eða vanmetnir. Til dæmis gáfu menn sér að kjósendur Trumps væru verr menntaðir en þeir reyndust svo vera. Önnur ástæða var það sem kallað er á upprunamálinu „the shy factor“, sem ef til vill gæti kallast feimnisþátturinn. Snýr hann að því að vegna þjóðfélagsaðstæðna í Bandaríkjunum og innbyggðrar átakafælni í flestum heilsteypum einstaklingum reynir fólk að forðast að viðurkenna að það muni kjósa Trump, einfaldlega vegna þess að það nennir ekki stappinu, rífrildunum, fordómunum eða átökunum sem því gæti fylgt. Þannig verða kjósendur hans ólíklegri til að svara símanum

þegar spyrjar hringja eða opna þegar þeir knýja á dyr.

## Fleiri erfiðar spurningar blasa við

Fleiri spurningum er enn ósvarað eftir þessar kosningar. Ein þeirra er hvort póstatkvæðin séu komin til þess að vera. Mörg ríki settu tíma-bundnar reglur sem víkkuðu heimildir sýslna til þess að leyfa atkvæðagreiðslu með pósti vegna COVID-19 faraldursins. Þetta endaði auðvitað, eins og frægt er orðið, með því að daginn fyrir kjördag höfðu 102 milljónir Bandaríkjamanna kosið. Í sex ríkjum höfðu fleiri kosið utan kjörfundar en kusu samtals í kosningunum fyrir fjórum árum. Hvað verður um þessar heimildir er ekki vitað. Í stjórnarskrá er kveðið á um að kosið skuli á þriðjudegi, sem hefur verið gagnrýnt harðlega, en hægara er sagt en gert að breyta stjórnarskránni. Þannig gæti varanlegar, útvíkk- aðar og samræmdar heimildir til póstatkvæðagreiðslu verið málamiðlun þar. Þannig eru allar líkur á að ákall verði eftir slíkum breytingum. Í sumum ríkjum má ekki byrja að telja þau atkvæði fyrr en mörgum dögum eftir kjördag. Það mun einnig þurfa að skoða í samhengi við áður nefnd atriði. ■

# Námskeið sem gefa réttindi um gjörvalla Evrópu

Aukin ökuréttindi - Meirapróf



# Skjót leið



[www.meiraprof.is](http://www.meiraprof.is)

## til starfsmenntunar

Skapaðu þér **pitt eigið** góðæri



## TILBOÐ ÁRSINS!

Meirapróf íslenska - Allur pakkinn (C-CE-D)  
Verð 550.000.-

Gildir til áramóta.

**NÝI  
ÖKUSKÓLINN**



# ÞESSA BÓK ÞURFTI AÐ SKRIFA

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, fyrrverandi alþingiskona, vill svipta hulunni af gamalgróinni meinsemd í íslensku samfélagi, ítökum sterkra hagsmuna- og stjórnmálaaflla og því hvaða afleiðingum það getur haft fyrir þá einstaklinga sem fara gegn þeim.

Erla Dóra  
Magnúsdóttir  
erladora@dv.is



Hvað er að á Íslandi? Þessarar spurningar spyr Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir í formála nýrrar bókar sem hún hefur ritað. Í bókinni leitast Ólína við að svara þeirri spurningu með því að varpa ljósi á þá spillingu og fyrirgreiðslu- pólitík sem hún telur ríkja

hér á landi og deilir reynslu sinni og annarra af atvinnubanni og misbeitingu ráðningarávalds.

„Ég skrifaði þessa bók af samviskuástæðum,“ segir Ólína við blaðamann. „Ég taldi einfaldlega ekki undan því vikist að deila með lesendum því sem ég veit og hef kynnst um fyrirgreiðslupólitíkina og klíkuveldið í samfélagi okkar – að lyfta hulunni upp og leyfa almenningi að sjá það sem undir liggur.“

## Frændhygli og flokkadrættir

Ólína segir frændhygli og flokkadrætti lengi hafa tíðkast við ráðningar í störf hér á landi og skipti þá oft máli hvaða stjórnmálaflokk umsækjendur styðja. „Um leið hefur annað fólk verið beitt atvinnubanni, eða því sem á þýsku nefnist Berufsverbot. Það er aðferð sem notuð var á dögum þýska ríkisins gegn kommúnistum, gyðingum og fleirum sem ekki voru stjórnvöldum þóknarleg-

ir. Fólk var haldið frá störfum vegna stjórnmálaskoðana eða uppruna. Hér hafa svipaðir tilburðir verið uppi allar götur frá því að stjórnmál tóku að myndast.“

## Skuggabaldrar samfélagsins

Bókin fékk titilinn Spegill fyrir skuggabaldur. Ólína segir að sá titill sé afar viðeigandi fyrir viðfangsefni bókarinnar, því að hún eigi að vera spegill fyrir skuggabaldrana sem leynast í skúmaskotum samfélagsins.

„Mér fannst samlíkingin svo augljós. Skuggabaldur er fyrirbæri úr þjóðsögum okkar. Hann er afkvæmi tófu og kattar, mikið skaðræðis- kvikindi sem grandar öllu sem á vegi hans verður. Ekkert getur ráðið niðurlögum hans nema takist að sýna honum sína eigin mynd. Í honum

sameinast tvö ósamrýmanleg öfl eins og þegar stjórnmálin yfirtaka það sem ætti að vera utan seilingar þeirra; þegar atvinnugreinar leggja undir sig háskólastarfsemi; þegar stjórnmálin hnekkja akademísku frelsi vísindamanna; þegar fjölmiðlum er haldið í gíslingu sterkra hagsmuna- eða stjórnmálaaflla; þegar fagmennska er fyrir borð borin og látin víkja fyrir sér- hagsmunum. Þá fara reglur og viðmið úr skorðum en til verða afkvæmi – skuggabaldrar.“

## Raunverulegar afleiðingar

Sjálf hefur Ólína reynslu af því að vera beitt svonefndu Berufsverbot eftir þátttöku í stjórnmálum á árunum 2009-2015. Hún hefur því þurft að leita réttar síns þegar gengið hefur verið fram hjá henni við veitingu opinberra starfa.





Ólína varð samvisku sinnar vegna að skrifa bókina um skuggabaldra samfélagsins. MYND/ADSEND



Í dag er Ólína í óskastöðu og ræður verkefnum sínum sjálf. MYND/GVA



Titill bókarinnar er sérlega viðeigandi fyrir umfjöllunarefnið.

„Einu sinni hef ég snúið mér til kærunefndar jafnréttismála þar sem ég fékk úrskurð mér í vil eftir ráðningu þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum haustið 2018. Í tveimur málum hef ég snúið mér til umboðsmanns Alþingis.“

Ólína segir að til að spyrna á móti þessum veruleika – spillingu og frændhygli – við veitingu opinberra starfa þurfi slík brot að hafa raunverulegar afleiðingar fyrir þá sem þau fremja.

„Góðar verklagsreglur og stjórnsýsluhættir – sé þeim fylgt og þær virtar – eru auðvitað grundvallaratriði. En hér þarf fleira að koma til. Á Íslandi hafa stjórnsýslubrot og brot á jafnréttislögum í ráðningarmálum engar afleiðingar fyrir þann sem gildir fremur, ólíkt því sem gildir um önnur lögbrot. Það eru til dæmis engin viðurlög við því að brjóta á fólki í ráðningarmáli – enginn sem ber raunverulega ábyrgð eða borgar sekt, enginn sem þarf að segja af sér. Ég held líka að það þurfi með lögum að vernda bæði fjölmiðla og

fræðasamfélag fyrir áhrifa-sókn og ásælni hagsmunaafla, svo að þau geti sinnt því lýðræðishlutverki sínu að fjalla opið um mál sem hafa áhrif á samfélag okkar.“

#### Veikburða verkfæri

Þau úrræði sem Ólína hefur sjálf nýtt sér segir hún að séu afar takmörkuð og komi í reynd ekki í veg fyrir að hið opinbera virði gildandi reglur að vettugi þegar störf eru veitt. Bæði úrskurðarnefnd jafnréttismála og umboðsmaður Alþingis láti aðeins til sín taka þegar grunur leikur á að tiltekna reglur hafi þegar verið brotnar en sönnunaryrðin sé oft erfið.

„Kærurétturinn er eftir-á-viðbragð og þess vegna veikburða verkfæri til þess að veita ráðningarvaldinu aðhald. Hin brotlega ráðning stendur eftir sem áður, óháð niðurstöðum kærunefndar, umboðsmanns eða dómstóla.“

Réttast væri að ógilda hinn ólöglega verknað og dæma fólki starf sem haft hefur verið af því með lagabroti. Það væri alvöru aðhald. Stofn-

anir sem brjóta jafnréttis- eða stjórnsýslulög ættu skýlaust að greiða sekt í ríkissjóð eða axla ábyrgð með einhverjum hætti – en það gera þær ekki í dag. Stjórnsýslureglurnar og löggjöfin verða að vera þannig úr garði gerðar að þær fyrirbyggja lögbrot í stað þess að vera leiktjöld til að hylma yfir fyrirgreiðslu og klíkuraðningar þegar svo ber undir.“

#### Pólitísk innræktun

Í bókinni talar Ólína meðal annars um faglega og pólitíska „innræktun“ sem hún nefnir svo.

„Einsleitni og innræktun nefni ég sérstaklega vegna smæðar samfélagsins. Í skóla-kerfinu eru menn „aldur upp“ ef svo má segja af sárafáum kennurum í tiltölulega fámennum deildum, til dæmis lagadeildinni. Síðan fara þeir inn í embættismannakerfið, dómstólana og pólitíkina – já, og út í atvinnulífið því forkólfarnir þar eru nátengdir valdaflokkunum tveimur, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Þannig verður til lokað klíkuveldi þar sem lítil endurnýjun á sér stað. Þar sem þröng hugsun um þrönga hagsmuni ræður gjörðum manna. Maður þekkir mann, skólasystkini ráða ráðum sínum og mál eru leyst með samtölum, utan við formlegar leiðir.“

#### Taumlaus kaup stjórnvalda

Annað sem Ólína nefnir í bók sinni er spilling sem hún telur þrífást í kaupum stjórnvalda á sérfræðipjónustu og ráðgjöf.

„GRECO, samtök Evrópuríkja gegn spillingu, hafa varað við því hversu mikil og áberandi áhersla sé á það lögð hér á landi að einkavæða og útvista starfsemi sem verið hefur á vegum hins opinbera, til dæmis með þjónustu- eða verksamningum við einkarekin fyrirtæki.“

Í rannsókn sem Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmalafraeðingur birti árið 2006 er bent á ört vaxandi, allt að því taumlaus, kaup stjórnvalda á sérfræðipjónustu og ráðgjöf. Matsnefnd GRECO hefur bent á að slík þróun hafi alveg sérstakar afleiðingar á Íslandi vegna smæðar þjóðarinnar þar sem hætta sé mikil á frændhygli og fyrirgreiðslu-

pólitík, nokkuð sem GRECO skilgreinir sem spillingu.“

#### Þorsteinn Már

Það hefur vakið athygli að í bókinni greinir Ólína frá því að Þorsteinn Már Baldvins-son, forstjóri Samherja, hafi komið í veg fyrir að hún fengi ráðningu sem forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri því Ólína hafi talað fyrir breytingum á kvótakerfinu á meðan hún sat á þingi. Hún segir að þetta þurfi ekki að koma á óvart.

„Allir sem þekkja mig og hafa fylgst með mér, til dæmis málf lutningi mínum í sjávarútvegsmálum undanfarin ár, vita af framkomu stórútgærðarmanna í minn garð. Það, að ég skuli núna segja frá því sem gerðist í þessu tilviki, kemur fólki þess vegna ekkert mjög á óvart.“

#### Sterk og jákvæð viðbrögð

Ólína segir að viðbrögðin við bók hennar hafi verið mikil.

„Þau hafa verið bæði sterk og jákvæð. Ég finn að fjölmargir tengja við reynslusögurnar í bókinni og ég hef fengið svo margar til viðbótar að ég gæti þess vegna skrifað þrjár bækur í viðbót. Þetta jaðrar við nýja metoo-bylgju.“

Ólína óttast heldur ekki að með skrifum bókarinnar hafi hún skaðað atvinnuhorfur sínar til frambúðar.

„Ég hef nákvæmlega engar áhyggjur af því. Ég hef nóg að gera – sé varla út úr augum fyrir skemmtilegum og gefandi verkefnum – og ræð mér sjálf. Það er óskastaða. Þessa bók þurfti að skrifa. Hún á brýnt erindi inn í samfélagsumræðuna, og ég gat ekki vikist undan því lengur, samvisku minnar vegna, að skrifa hana. Almennigur verður að fá vitneskju um þessi mál og öðlast skilning á þeim. Um leið fannst mér gaman að leyfa blaðamanninum að gægjast fram við hlið fræðimannsins sem líka heldur þarna á penna.“

#### Meðvirkni á Íslandi

Í bók sinni rökstyður Ólína ályktanir um spillingu innan stjórnkerfisins með fjölda reynslusagna sem og með vísan til rannsókna og skýrslna. Þrátt fyrir að þessi gögn og frásagnir hafi legið fyrir í

nokkurn tíma hafi þeim þó lítil athygli verið veitt.

„Ég held að fólk almennt geri sér litla grein fyrir samhenginu. Það ríkir líka ákveðin meðvirkni á Íslandi í þessum málum. Það er eins og fólk geri ráð fyrir spillingunni og sé hætt að verða hissa.“

Þau sem verða fyrir barðinu á atvinnubanni, og eru enn að reyna að afla sér atvinnu, eiga ekki gott með að ræða vandann opinskátt. Þú vilt ekki sjálf auglýsa að þú sért í atvinnubanni meðan þú ert enn að reyna að fá vinnu. Og það er orðsporsáhætta að leita réttar síns. Þess vegnar skapast eins konar kúgunar-ástand og meðvirkni sem erfið er að brjótast út úr.

Ekki ósvipað því sem lengi ríkti yfir eineltismálum og kynferðislegri áreitni. En svo þegar stíflan brestur, þá gerist eitthvað. Allt í einu áttar fólk sig á að málið snýst ekki bara um „þig“ heldur átt „þú“ samleið með fjöldamörgum öðrum í sömu stöðu. Vandinn er miðlægur – kerfislægur.“

#### Með spegilinn á lofti

Ólína segir að bæði almennigur og fjölmiðlar geti tekið þátt í að uppræta þennan vanda.

„Með opinni umræðu og raunverulegu aðhaldi við stjórnvöld. Almennigur þarf að átta sig á því hvernig kaupin ganga á eyrinni, og beita kosningarétti sínum til þess að veita stjórnvöldum aðhald. Forsenda þess eru fjölmiðlar, þeir verða að halda vöku sinni og afhjúpa spillinguna hvenær sem færi gefst. Ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla ásamt öflugum og frjálsu fræðasamfélagi er lykillinn að upplýstri umræðu, og um leið eitt mikilvægasta aðhaldið sem hægt er að veita ráðandi öflum.“

Það er því sameiginlegt verkefni samfélagsins að láta þessi mál sig varða. Eða eins og Ólína bendir á í niðurlagi bókar sinnar þá megum við ekki haga okkur líkt og hún Magga í bragga sem óvirk og vondauf horfði á skuggabaldur skunda hjá. Okkur sé nefnilega önnur leið fær. „Að standa á móti með spegilinn á lofti og sýna skuggabólur heimansins sína eigin mynd.“ ■

# STEINGRÍMUR J. KVEÐUR BRÁTT EFTIR ÓVENJULANGAN ÞINGFERIL

Stjórnmalapróun á vinstri vængnum hefði án efa orðið allt önnur ef Steingrímur hefði náð kjöri sem formaður Alþýðubandalagsins 1995. Vinstri græn standa á krossgötum.

SKOÐANAPISTILL

## Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón  
Bragason

eyjan@eyjan.is



Í pistli hér í blaðinu í sumar sem leið gat ég þess að fólk í Norðausturkjördæmi hefði lítið orðið vart við Steingrím J. Sigfússon, oddvita VG, í kjördæminu, undanfarin misseri og það var tekið til marks um að hann hygðist ekki gefa kost á sér á nýjan leik. Það kom því fáum á óvart þegar Steingrímur tilkynnti á laugardaginn var að hann ætlaði að hætta í stjórnmalum. Margir velta fyrir sér mögulegum arftaka. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir situr í öðru sæti lista flokksins í kjördæminu og aðspurðir telja hana líklegan arftaka. Sumir heimildarmanna nefna einnig Björn Val Gíslason skipstjóra en hann var þingmaður VG í kjördæminu 2009–2013.

### Vinstra Framsóknarfólk

Þrátt fyrir langa þingsetu er Steingrímur ekki ýkja gamall, fæddur 4. ágúst 1955, á Gunnarsstöðum í Þistilfirði, kominn af „vinstra Framsóknarfólki“ eins og hann orðar það sjálfur, fólk sem studdi vinstri-stjórnina sem Ólafur Jóhannesson myndaði 1971 en sú stjórn hafði brottför varnarliðsins á sinni stefnuskrá og umfangsmikil ríkisafskipti, ekki hvað síst í byggðamálum.

Steingrímur lauk landsprófi frá Héraðsskólanum á Laugum og síðar stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri. Á þeim árum mótuðust pólitískar skoðanir hans enn frekar. Hann dvaldi sem skiptinemi á Nýja-Sjálandi og sagði eitt sinn frá því í viðtali að þar hefði hann kynnt „ágætum sósíalístum“.

Steingrímur nam jarðfræði við Háskóla Íslands og lauk BA-prófi í þeirri grein 1981. Og kominn til Reykjavíkur fylkti hann liði með róttækum stúdentum og andstæðingum varnarliðsins.

### Beint úr sjónvarpinu á þing

Árið 1978, þegar Steingrímur var á fyrsta ári í Háskólanum, hringdi Stefán Jónsson, alþingismaður Alþýðubanda-



Forsetastóllinn á Alþingi er mörgum pólitísk endastöð.

MYND/ERNIR

lagsins, til hans og kvaðst vilja eiga við hann orð, en Stefán var þá oddviti flokksins í Norðurlandskjördæmi eystra. Erindi Stefáns var að bjóða Steingrími fjórða sæti á lista flokksins í komandi alþingiskosningum. Það varð úr og aftur var Steingrímur í framboði í alþingiskosningunum árið eftir.

Steingrímur starfaði að loknu BS-prófi hjá Hafrannsóknastofnun en ekki leið á löngu þar til hann var ráðinn íþróttafréttamaður á Ríkissjónvarpinu. Þar varð hann landsfrægur, ekki hvað síst fyrir nýstárleg efnistöð, en hann lét sig varða keppnir í íþróttum sem þá var lítið fjallað um í fréttum, svo sem hestaíþróttum.

En Steingrímur staldraði aðeins stutt við í sjónvarpinu því árið 1983 var hann valinn til að skipa efsta sæti á lista Alþýðubandalagsins á Norðurlandi eystra.

### Þingmenn eldast illa

Steingrímur hafði ekki setið á þingi lengi þegar viðtal birtist við hann í Helgarpóstinum þar sem hann sagði meðal annars að sér fyndist „þingmenn vera fljótir að verða gamlir og þreyttir. Þeir eldast illa. Þetta er ég mest smeykur við, og ég vona, að þingmennskan breyti mér ekki á þennan hátt.“ Nýir vindar blésu um þingsali en Steingrímur amaðist meðal annars við því að þingmenn þyrftu að vera í jakkafötum og með bindi á þingfundum.

Frami Steingríms varð skjótur og árið 1988 varð hann landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra í vinstri-stjórn Steingríms Hermannssonar. Hann beitti sér meðal annars fyrir stórauknum niðurgreiðslum til landbúnaðar og setti flugvelli út um landið á oddinn.

### Erfðaprinsinn

Steingrímur var lengi álitinn erfðaprinsinn í Alþýðubandalaginu en þar var við lýði sú regla að enginn mátti sitja lengur sem formaður en átta ár. Þegar hyllti undir lok formannstíðar Ólafs Ragnars Grímssonar blasti við að Steingrímur tæki við. Ýmsu flokksfólki þótti þó nóg um völd þess fámenna hóps sem öllu hafði stýrt og úr varð að

Margrét Frímansdóttir gaf kost á sér til formennsku og sigraði Steingrím með 53,5% atkvæða. Margrét hafði hug á sameiningu vinstri-flokkanna og til varð þingflokkur Samfylkingarinnar árið 1998.

### Vinstri græn

Ýmsum róttækum vinstri-mönnum mislíkaði sameiningin og þeir stofnuðu nýjan flokk, Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. Þetta flokksbrot úr Alþýðubandalaginu bauð fyrst fram árið 1999 með Steingrím J. Sigfússon í broddi fylkingar. Ætla má að saga íslenskrar vinstrihreyfingar hefði orðið allt önnur hefði Steingrímur náð kjöri í formannskosningunum 1995.

Vinstri grænum hafði vaxið fiskur um hrygg en nær dró alþingiskosningunum 2007, fylgið fór úr 8,8% í 14,3%. Þingmennirnir urðu níu en voru áður fimm. Það var svo loks 1. febrúar 2009 sem flokkurinn komst í ríkisstjórn undir forsæti Jóhönnu Sigurðardóttur. Steingrímur var fjármálaráðherra á árunum 2009–2011 og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra 2011–2012. Þá var hann atvinnu- og nýsköpunarráðherra 2012–2013. Það var engu líkara en hann hefði alla þræði í hendi sér í þeirri stjórn.

### VG á krossgötum

Um miðjan febrúar 2013, þegar nær dró kosningum, sýndu kannanir að stefndi í fylgishrun VG. Þá boðaði Steingrímur til blaðamanna-fundar og tilkynnti að hann myndi láta af formennsku á næsta flokksþingi. Katrín Jakobsdóttir tók við og Steingrímur lét lítið fyrir sér fara í kosningabaráttunni. Alls töpuðu Samfylkingin og VG 28% atkvæða frá kosningunum 2009 og aldrei áður höfðu stjórnarflokkar misst viðlíka fylgi.

Tilkynningin um brott-hvarf Steingríms úr stjórnmalum nú þarf ekki að koma neinum á óvart. Síðustu áratugi hefur embætti forseta Alþingis verið flestum endastöð á pólitískum ferli og Steingrímur að mestu kosið undanfarið að halda sig utan við helstu áttakamálin. Og segja má að flokkurinn standi á krossgötum nú þegar Steingrímur hverfur af sviðinu. ■



## Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

### 1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

### 1 SYSTEMS OneQuality



### 1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



Gæða-  
stjórnun á  
stóran þátt í góðum  
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem  
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og  
utanumhald gæðahand- bókar og  
skjala.

OnePortal er  
vefgátt sem gerir  
fyrirtækjum og sveitar-  
félögum kleift að veita íbúum  
þjónustu allan sólahringinn, allt  
árið um kring. Rafrænin innri ferlar  
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa  
eða viðskiptavini, þar sem þeir  
geta afgreitt sig sjálfa á  
sjálfvirkan máta með  
innsendingu  
umsókna og  
erinda á  
vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður  
Moreq2, kröfur evrópulanda um  
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



## Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn  
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga  
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

# Eldhúsið er gríðastaður til sköpunar á COVID-tímum

Leikkonan Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir er þúsundþjaladrottning. Svo virðist sem hún geti allt. Leikið, sungið, skrifað bækur og blöð og ræktað grænsprettur á snjallbýli. Nýjasta viðbótin er svo kjötbollur sem hún þróaði með Norðlenska og stefnan er sett á að bæta vegan vörum í úrvalið.

Þorbjörg  
Marínósdóttir  
tobba@dv.is



Fyrsta eldhúsminning Steinu, eins og hún er kölluð, er úr eldhúsinu hjá ömmu Ólínu á Daðastöðum í N-Þingeyjasýslu. „Þar steikti hún kleinur og við frændsystkinin kepptumst við að borða þær jafnharðan.“

Steina er er sjálf mikill listakokkur og sérlega lunkin í dressingum og að láta einfalda samloku líta út eins og Bretlandsdrottning sé á leið í kaffi.

Hún segist hafa kennt sér sjálf að elda að einhverju leyti. „Ég byrjaði að elda mat bara smástelpa af hreinni nauðsyn, því ég var og er matargat. Mamma var rauðsokka og lagði ekkert upp úr matargerð eða heimilishaldi yfirleitt, en báðar ömmur mínar voru listakokkar og afbragðshúsfreyjur. Föðuramma húsmeðraskólagengin hreppstjórafrú, sem eldaði allan klassískan, íslenskan heimilismat og móðuramma fín borgardama, sem eldaði af listfengi undir greinilegum áhrifum frá frændum okkar Dönnum. Ég lærði auðvitað af því að fylgjast með þessum ólíku konum að störfum í eldhúsinu, en fyrstu skrefin steig ég ein í eldhúsinu heima hjá þabba og mömmu við mikla ánægju og hvatningu beggja.“

## Óvenjulegt og fallegt

Það þarf því engan að undra að leikkonan sé framúrskarandi með svuntuna og leggi mikla hugsun í samsetningu hráefna. „Ég er mislynd með afbrigðum og eldamennskan eftir því. Stundum vil ég bara eitthvað

ótrúlega einfalt, steiktan fisk og kartöflur, en stundum vil ég verja tíma í eldhúsinu og fá þá næði til að galdra eitthvað nýtt og róa hugann í leiðinni. Matseld er mitt jóga. Þá finnst mér gaman að leika mér með liti og bragð, leiða saman eitthvað óvenjulegt, en umfram allt að gera það bragðgott og fallegt fyrir augað. Mér finnst ekkert leiðinlegra en að borða eitthvað sem er ólystugt og hent saman í hugsunarleysi. Ég vil oft raða á diska fyrir þá sem ég elda fyrir, eitthvað sem ekki allir skilja, en fyrir mér þurfa hlutirnir að vera á ákveðnum stað á diskinum til að matseldin meiki sens. Ég er búin að búa þetta til og veit fyrir fram hvernig ég hef í huga að hlutir spili saman.“

Steinunn Ólína á fjögur börn sem öll stefna í að verða vel fær í eldhúsinu. „Öll geta þau bjargað sér í eldhúsinu og elstu dæturnar tvær fullkomlega sjálfbjarga og rúmlega það. Elsta mín er listakokkur og sú næstelsta á góðri leið með það líka. Litlu stýrin eru styttra komin, en kunna meira en þau vilja uppi láta því það er svo þægilegt að láta aðra elda fyrir sig.“

## Velja sér land og láta vaða

Aðspurð um besta eldhúsráðið er Steina ekki að skafa utan af því. „Nota eldhúsið og elda sjálfur. Kvöldmat með fjölskyldunni er fastur punktur fyrir alla og helst að láta alla gera eitthvað. Kvöldmatartíminn er verðmæt stund, jafnvel þótt það kosti mig stundum tvöfalda matseld til að koma á mótis við óþroskaða og síviðfúlsandi bragðlauka minnsta heimilisfólksins. Ég hvet fólk líka til að lesa mat-

reiðslubækur til gagns og vera óhrætt við að prófa sig áfram. Þegar ég tala um að lesa matreiðslubækur til gagns, þá á ég ekki við að þú þurfir að klafabinda þig í einhverja uppskrift og fylgja henni nákvæmlega, heldur frekar að sjá í þeim möguleikana til að skapa eitthvað nýtt sjálfur. Við þurfum öll nauðsynlega á því að halda að vera skapandi og eldhúsið getur verið slíkur leikvangur fyrir alla. Núna í þessu bannsetta COVID getur eldhúsið verið gríðastaður til sköpunar, nú er upplagt að kynna sér nýjar eldunaraðferðir, prófa að nota ný krydd. Velja land af handahófi á atlasnum og finna uppskrift þaðan og leika sér. Tónlist frá sama landi getur verið hugvíkkandi og skemmtilegur undirleikur við matseldina.“

## Hugmyndaspretta

Eiginmaður Steinu, Stefán Karl Stefánsson heitinn, stofnaði snjallbýlið Sprettu 2015, en í dag er það rekið af Steinu og Soffíu Steingrímsdóttur. Spretta ræktar grænsprettur (Microgreens) sem eru eru fyrstu lauf og stíkar jurta- og grænmetisplantna. Grænsprettur eru sneisafullar af næringarefnum og margar þeirra innihalda 4-6 sinnum hærra magn af vítamínum og andoxunarefnum en fullvaxta plöntur og eru því sannkallað ofurfæði.

Steina segir reksturinn ganga ágætlega en róðurinn sé þungur líkt og víða annars staðar. „Spretta gengur ágætlega en auðvitað er COVID bölvánlegt fyrir okkur, eins og mörg lítil fyrirtæki. Veitingastaðir eru okkar stærstu viðskiptavinir og þeir berjast

Steinunn Ólína er ofurhetja í eldhúsinu, samkvæmt vinum og vanda mönnum.

MYNDIR/STEFÁN



## Kjötbollur í pítubrauði

Hitíð pítubrauðin og fyllið þau af eftirlætisgrænmetinu ykkar, sprettum, góðri sósu og pönnusteiktum kóríander- eða basilíkukjötbollum. Pítur eru frábærar þegar maður á alls kyns afganga í grænmetisúffunni. Þá þarf bara að kaupa bollur og góða sósu að eigin vali og hrópa: Það er kominn matur!

nú í bökkum eins og allir vita og við finnum tilfinnanlega fyrir því. En við seljum svolítið í búðum af sprettum, í Heimkaup, Krónunni og í Melabúðinni og svo er samstarfið við Norðlenska mikil búbot og frábært fyrir okkur að fá að þróa matvöru í samstarfi við svo stóran matvælaframleiðanda. Og við erum með ýmislegt á þróunum í samstarfi við þá, mjög spennandi.“

Minna kjöt og meira grænt Samstarfið sem hún vísar í

felst í vöruþróun sem inniheldur sprettturnar vinsælu. „Norðlenska kom til okkar og hafði hug á að vinna með litlum framleiðanda að nýjum vörutegundum. Mér finnst frábært að svo stór framleiðandi á kjötvörum átti sig svo klárlega á óskum samtímans, það er óskum um minni kjötneyslu og meira af grænni fæðu. Þetta er virðingarvert og ekki oft sem risar af þessu tagi hugsa sér að vinna að markmiðum sem eru kannski ekkert augljós-



lega samræmanleg þeirra eigin framleiðslu. En Norðlenska hefur sannarlega sýnt okkur að hugur fylgir máli og bollurnar eru alveg eins og við vildum gera þær. Hreint gæðahakk, fullt af sprettum og salti og pipar og ekkert ofnæmisvaldakjafæði. Bara holl prótein- og vítamínrík súperfæða. Við erum svo að þróa fleiri vörur með Norðlenska og alls ekki bara kjötvörur, því við erum auðvitað að hlusta eftir því að fólk vill stærra úrval af vegan-vörum og þar eru svo ótrúlega mikil tækifæri til að bæta vöruval á innlendum markaði.“

**Tengdamömmubollur**

Steina segir Stefán sjálfan hafa verið mikið fyrir kjötbollur, en hún hafi þó ekki hætt sér í samanburð við tengdamömmubollurnar. „Stefán var alæta á mat, en honum þóttu bollurnar hennar Huldu tengdamömmu bestar. Maður keppir ekki við heima-gerðar tengdamömmubollur, þar á maður ekki séns í helvíti. Það er mitt húsráð til ungs fólks í eldhúsinu. En kjötbollurnar sem við hjá Sprettu erum að framleiða með Norðlenska eru geggjáðar engu að síður og ég er mjög stolt af þeim. Þær eru líka ferskvara svo að ég treysti þeim til að sparka frystum systur þeirra yfir á varmannabekkin,“ segir Steina að lokum og ítrekar að á erfiðum tímum megi ekki vanmeta þær ljúfu samverustundir sem eldhúsbörðið veitir. Hún deilir hér nokkrum afbragðs-uppskriftum sem eru fljótlegar en gleða mikið. ■



**Trukkasamloka**

**steiktar Basilíkubollur langlokubrauð trufflu-majónes eða sósa að eigin vali salatblöð rauðlaukur**

Góðar samlokur eru stundum bara það eina sem manni dettur í hug að fá sér. Besta nestið og endalaust hægt að búa til nýjar útgáfur.

Hér átti ég gott snittubrauð og smurði það að innan með trufflu-mæði og lagði svo salatblöð og niðurskorinn rauðlauk innan í.

Setti svo þrjár bollur á milli og þetta var alveg frábærlega gott.

Ég veit... sumir myndu segja að tvær bollur væru nóg en þetta heitir nú einu sinni nú einu sinni trukkasamloka og ég yrði örugglega mjög góður trukkabilstjóri.



**Krakkaklassík**

Börnum finnst yfirleitt það einfalda best og því eru spagettí og kjötbollur skothelt ofan í flesta smjattpatta. Ég nota oftast glútenlaust pasta til að koma til móts við óþols- og ketófolkið og finnst það reyndar alveg jafngott og venjulegt hveitipasta. Basilíkubollurnar eru upplagðar í einfalda hversdagsmáltíð fyrir 3-4.

**Basilíkubollur, einn pakki ferskar basilsprettur eða fersk fullvaxin basilíka hakkaðir tómatar í dós 2 hvítlauksrif 1/2 gulur laukur, smátt skorinn 1 tsk. gróft salt svartur, mulinn pipar að vild**

Brúnið bollurnar á pönnu í góðri ólífuolíu. Skóflið þeim á disk og látið bíða. Bætið ofurlitlu af ólífuolíu á pönnuna og látið smátt skorinn lauk og hvítlauk svitna á pönnunni og hellið tómötum úr dós yfir. Skellið fersku basilíkunni yfir og látið malla stutta stund. Sleppið bollunum til sunds í sósunni og saltið og piprið. Bollurnar fá svo að eldast í gegn í sósunni á vægum hita á meðan pastað sýður. Berið fram með rifnum parmesanosti og dreypið góðri ólífuolíu yfir herlegheitin áður en þið rífið þetta í ykkur.

**Spítt chili con bollur**

Þetta er brjálæðislega fljótlegt og ekta helgarmatur fyrir alla fjölskylduna eða partýmatur fyrir góða vini. Best að græja allt á stórru pönnu með stálskafti sem þolir að fara inn í ofn. Það er engin leið að borða þetta eins og síðuð mannvera og best að leyfa öllum bara að vera með sprittaða fingur og næla sér bita í með góðum nachos-flögum.

**1 pakki Basilíkubollur 1 matskeið CUMIN ekki KÚMEN 1 tsk. chiliduft 1 gulur laukur 4 hvítlauksrif 1 dós nýrnabaunir 1 dós saxaðir tómatar salt og pipar rifinn ostur sýrður rjómi ferskt chili rautt og grænt, smátt saxað**

Brúnið bollurnar á pönnunni, takið af og geymið á disk. Purrið pönnuna að innan með eldhúsbrefi og setjið hana aftur á heita hellu. Setjið cumin- og chiliduftið á þurra, heita pönnu og leyfið kryddinu að hitna um stund. Setjið þá smá ólífuolíu á pönnuna og smátt skorinn lauk og hvítlauk saman við. Látið dansa á pönnunni stutta stund þar til laukurinn byrjar að verða glær en passið að brenna ekki.




Hellið mestu af vökvanum úr baunadósinni og skellið baununum á pönnuna líka og blandið öllu vel saman. Þá næst er að setja tómataana saman við, salta og pipra og blanda saman. Basilíkubollurnar eru þá settar út í sósuna og svo er pönnunni skellt inn í ofn á 180°C í svona 10 mínútur.

Vinsamlegast setjið á ykkur hanska áður en þið takið pönnuna út úr ofninum, annars er voðinn vís!

Skellið dálitlu af rifnum osti á við og dreif um pönnuna og stillið ofninn á grill. Pannan fer aftur inn þar til osturinn er bráðnaður.

Hanskann á og pönnuna beint á matarborðið á hitahlíf. Skreytið með sýrðum rjóma, nachos og niðurskorinu, fersku chili.





# *Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum*



Eigum f órar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum ■ Verð frá 62.000 kr.



*Sjáðu úrvalið á [goddi.is](http://goddi.is)  
Infrared saunur ásamt  
viðarkyntum pottum*



**GODDI.IS**

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

# Sjónvarpið læst inni í skáp til að virkja hugmyndaflugið

Anní Ólafsdóttir kvikmyndaleikstjóri ætlar sér stóra hluti. Eftir misheppnaða tilraun til að skrá sig í danska herinn fór hún í Kvikmyndaskólann og er í dag með fjölda verkefna í vinnslu svo sem kvikmynd um heimsfaraldurinn sem heimtar „afsakið hlé“.

Þorbjörg  
Marinósdóttir  
tobba@dv.is



Anní er alin upp við að hugmyndaflugið sé eins og vöðvi sem þurfi að þjálfa og virkja. Hún er hugrökk að eðlisfari og óhrædd við að elta drauma sína. „Ég ólst upp hér og þar, hef verið á flakki síðan ég var pínkupons. Bjó í Þýskalandi í nokkur ár sem krakki, og svo á Sauðárkróki í nokkur ár líka og hef búið í flestum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Ég hef verið í Reykjavík núna í nokkur ár og farin að skjóta rótum. Sem er góð tilfinning,“ segir Anní, sem hefur menntað sig í ýmiss konar listum. Hún er annar leikstjóri Þriðja pólsins, sem frumsýnd var síðsumars og þykir hafa einstaka sýn bæði sem leikstjóri og klippari.

## Vitlaus spóla

„Ég ætlaði alltaf í myndlistarnám, gera skúlptúra, mála myndir, og mun kannski einhvern tíma gera það. En þetta var mjög tilviljanakennt, ég er ekki mikill kvikmyndanörð, eins og margir samnemendur mínir voru í kvikmyndanámínu, og í bransanum, en ég ólst upp við Disneymyndir og fantasíu. Þegar ég var lítil var sjónvarpið læst inni í skáp, og mikil áhersla lögð á að nota hugmyndaflugið. Þannig að kvikmyndaformið fyrir mér var aldrei eitthvað sem ég spáði mikið í, ég heillaðist af hrollvekjum, útsendingu listdanskauta á Ólympíuleikumum og gullöld tónlistarmyndbanda. Ég var alltaf að skrifa smásögur og teikna, kannski svolítið föst í eigin heimi, þar sem runnu saman tónlist, tilfinningar, Disney, hrollvekjur, dans, fegurð og drama. Þegar ég var níu ára kom stjúppabbi minn heim frá útlöndum og hafði keypt, að hann hélt, Spice Girls myndina, þegar ég var svo búin að setja spóluna í tækið og ýta á „play“ byrjaði eitthvað allt annað. Þetta var mynd um gerð myndbandanna. Ég horfði á þessa spólu aftur og aftur, ætli þar hafi ekki litlu fræi verið sáð.“

## Danski herinn

Anní er hálfþæreyksk og er því



Anní er aðeins þrítug að aldri en er nú þegar á leið með að verða ein kröftugasta kvikmynda-gerðarkona landsins.

MYND/SAGA SIG

með tvöfaldan ríkisborgarétt, bæði í Danmörku og á Íslandi. „Ég ætlaði að sækja um í danska hernum en eftir að hafa kynnt mér langt og strangt inntökufarli með takmörkuðum möguleika á að komast inn, tók óþolinmæðin mig annað. Fljótlega eftir það heyrði ég vin minn tala um Kvikmyndaskólann, en hann hafði verið að búa til tónlistarmyndband. Ég er mjög hvatvís, greip þessa hugmynd og skráði mig á handrita- og leikstjórnarbraut við Kvikmynda-skóla Íslands.“

Anní var þar komin á sína réttu hillu – langt frá danska hernum. „Kvikmyndagerð er svo víðtækt og opið listform, en það hefur kannski örlítið gleymst og grafist undir öllum þessum gegnumsósuðu Hollywood tæknibrellu-hasarmyndum. Kvikmynd er lifandi tvívíddarverk í ramma, með endalausum möguleikum. Hreyfimynd tilfinninga, sem eins og önnur list eignast sitt eigið líf í hugum þeirra sem horfa.“

## „Útlenskt“ ekki best

Anní segist vera bjartsýn á íslenska kvikmyndagerð, sem hafi sterka rödd. „Núna

í sumar var Ísland auðvitað eina landið sem mátti vera í tókum, sökum COVID-19. Við höfum nýtt okkur það mjög vel, held ég. Kvikmyndasaga Íslands er mjög stutt miðað við nágrannalönd, og eins og í flestöllu öðru, miðum við okkur alltaf við Bandaríkin eða Dani. Við setjum oft einhvern gæðastimpil á allt sem okkur þykir virka „útlenskt“. Íslenski stíllinn hefur samt fengið mikla athygli og við masterað einhvers konar sauðkinda-melankólíu.“

Hún nefnir að Ísland sé að ala af sér hæfileikaríka leikstjóra í hrönnum og það sé bjart fram undan. „Vonandi koma líka fleiri kvenleikstjórar með verk, hvort sem það eru karlar sem upplifa sig sem kvenmann eða karlar sem voru kvenmenn, eða bara konur sem hafa alltaf verið konur. Kvikmyndaheimurinn hefur verið svo karllægur, og margar konur sem leikstýra eins og karlmenn. Mig langar í kvenleikann. „Fleiri myndir um konur, af konum!“ – Meiri fjölbreytileika, takk.“

Við eigum svo mikið af flottum, eldri leikkonum, og djúpan suðupott af ósögðum sögum.“

## Dofin og dekrud

Anní segist sakna þess að upplifunin að horfa á kvikmynd sé viðburður í huga fólks, sem notið sé í hóp. „Í byrjun þessa árs sagði einhver við mig að hann héldi að bíómyndin væri að deyja út, mér þótti það frekar langsótt, en núna er það að gerast, öll bíó eru lokuð, kvikmyndahúsin eru tóm, ekkert popp að poppast. Það er rosalegt að missa út bíóin, og á sama tíma hefur eftirspurnin eftir nýju efni sjaldan verið meiri, í þáttaformi frekar en gamla kvikmyndaforminu. Á breyttum tímum er mikilvægt að hugsa út frá breyttum aðstæðum, fólk vill horfa heima, horfa á netinu. Kvikmyndahátíðir eru ekki til þetta ár, því hvað er kvikmyndahátíð án áhorfenda? Ég fór líka að hugsa hvað bíóin voru einu sinni, eins og að fara í leikhús, maður puntaði sig. En núna ferðu í bíó þunnur í hettupeysu, þegar þú vilt ekki rekast á neinn. Og þetta helst í hendur við offramboð á hasar og fjöldaframleiðslu, við erum orðin dofin og dekrud. Kvikmyndin er orðin svo sjálfsögð. Það þarf kannski að nýta þessa bíó-pásu og endurhugsa bíómenninguna.“

Kannski eftir COVID verða áhrifin þau að fólk þráir að komast í bíó, punta sig, upplifa með öðrum í stað þess að hanga inni hjá sér og horfa, eitt í felum. Enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur.“

Að því sögðu er nýjasta verkefnið hjá þessum fram-sækna leikstjóra stuttmyndin Apausalypse. „Hún fjallar um heimspásuna. Hvað það þýðir þegar heimurinn stansar (og pásatakkinn kemur í ljós), þetta er hybrid-heimildarmynd, sem er eins konar bókmenntaverk þar sem heimspekilegar og óritskoðaðar hugsanir, spurningar og vangaveltur fá að flæða, jafnt í orðum og dansi, í miðri fyrstu bylgju heimsfaraldursins. Ég er mjög spennt að klára hana, Ásta Fanney Sigurðardóttir og Ryuichi Sakamoto gera tónlistina,“ segir Anní, sem er með fjölda járna í eldinum og er svo sannarlega ekki á „pásu.“ „Svo er að hefjast vinna við að gera mynd byggða á bók eftir Andra Snæ, Tíminn og vatnið. Svo er ég með ýmsar hugmyndir á blaði, og líka opin fyrir einhverju spennandi sem gæti vonandi bankað upp á.“ ■



TÍMAVÉLIN

Erla Dóra  
Magnúsdóttir  
erladora@dv.is



Það er nánast eins og Guð sé kominn heim; dálítið spöskur á svip, örlítið framandlegur með vel snyrt skegg og ber sig heims-mannslega,“ svo skrifaði Illugi Jökulsson í Dag í febrúar árið 1998. „Ég á við Kára Stefánsson sem sneri heim frá Bandaríkjunum fyrir örfáum misserum og virðist á ótrúlega skömmum tíma hafa byggt upp risafyrirtæki á sviði erfðagreiningar; risafyrirtæki á okkar mælikvarða hér á Íslandi og jafnvel þótt víðar væri leitað í veröldinni að fyrirtækjum á því sviði þar sem hann er að hasla sér völl.“

Kári Stefánsson var snúinn aftur heim til Íslands eftir tveggja áratuga fjarveru. Hann var ekki þjóðþekktur maður þegar hann hélt utan, en á örskömmum tíma eftir endurkomuna kannaðist nánast hver einasti Íslendingur við nafn hans og hafa þeir gert það allar götur síðan.

Kári Stefánsson fæddist í Reykjavík 6. apríl 1949. Foreldrar hans voru Stefán Jónsson, fréttamaður, alþingismaður og rithöfundur og Sólveig Halldórsdóttir, og Kári var næstingstur fjögurra bræðra í fimm systkina hópi.

**Kári keisari**

Hann ólst upp í Norðurmýri og Vesturbæ, gekk í Haga-skóla og síðar í Menntaskólann í Reykjavík.

Kári var strax þá farinn að láta á sér kveða. Þó ekki á sviði erfðafræðinnar heldur í leiklist. Hann tók þátt í uppsetningu Hagaskóla á leikritinu Gullna hliðið, þar sem Kári lék sjálfan Jón, en leikritið snýst um baráttu konu Jóns fyrir því að koma sál hans inn í himnaríki.

Í framhaldsskóla hafði áhuginn á leiklistinni ekki dvínað og tók Kári þátt í uppsetningu leikfélags MR, Herranótt, á leikritinu Bubbi kóngur, sem ungur Davíð Oddsson fór með aðalhlutverkið í og fékk þaðan viðurnefnið Dabbi Kóngur. Kári lék þar Alexander Rússlandskeisara og sagði um leik hans í Skólablaðinu: „Kári Stefánsson lék afkárlegan, en ofurhlýlegan Rússakeisara og svipti Bubba sprota veldisins á fyndinn hátt, góðlátur gamlingi andspenis fulltrúa grimmdarinnar.“

Persóna Kára svipti persónu Bubba valdi sínu í leikritinu en sögum fer af því að innan veggja Menntaskólans hafi hið gagnstæða átt sér stað. Kári tók það á sig að tryggja Davíð kjör í stöðu inspector scholae, formanns nemendafélagsins. Segir sagan að Kári hafi leitað að



Það hefur líklega sjaldnast verið lognmolla í kringum Kára enda þolir hann illa að láta sér leiðast.  
MYND/TIMARIT.IS

# Kári í gegnum árin

Kári Stefánsson hefur verið áberandi í baráttuni við COVID-19 á Íslandi. En Kári engan veginn ókunnugur því að vekja athygli.



Ungur og metnaðarfullur Kári í framhaldsskóla.  
MYND/TIMARIT.IS

álitlegum vinstriþingmanni til að bjóða sig fram í embættið og hafi Davíð orðið fyrir valinu. Davíð hafi spilað hlutverk vinstri frambjóðandans, en komið út úr skápnum sem hægri maður um leið og hann hafði náð kjöri.

**Kári á undanþágu**

Næst lá leið Kára í læknisfræðina við Háskóla Íslands. Framan af hafði Kári haft hug á því að verða skáld, en gerðist þó fyrst sinn eigin harðasti gagnrýnandi og ákvað að helga öll sín skáldverk skúffunni.

Fer sögum af því að hann hafi fyrir algjöra tilviljun og hvatvísi skrúð sig í læknisfræði með félagan sínum, en fljótlega varð ljóst að Kári hafði fundið sína hillu í lífinu.

Kári fór ekki hljóðlátlega í gegnum læknisfræðina í Háskólanum. Hann var lítið hrifinn af kennsluáferðunum og ekkert hrifinn af

hinum og þessum reglum sem nemendum bar að fara eftir. Hann var gjarn á að sækja um undanþágu frá reglum, samnemendum sínum til lítillrar hrifningar. Sem betur fer átti Kári sér hauk í horni. Össur Skarphéðinsson skrifaði svo í DV 1998: „Kári hefur alltaf storkað heiminum. Á einum af fyrstu fundunum eftir að ég kom í Stúdentaráð Háskólans var eitt umræðuefna á dagskrá bréf, sem prófessor í læknadeild hafði skrifað rektor, þar sem krafist var að Kári yrði rekinn. Jóhann Axelsson var deildarforseti og varði föstra sinn. Seinna sagði hann að þetta hefði verið þreytandi tími. Hann hefði ekki mátt bregða sér úr landi án þess að læknadeild reyndi að reka Kára!“

Þekkt er einnig að Kára tókst að fá læknaleyfið þrátt fyrir að hafa ekki lokið kandidatsári og tilskildu starfi sem kandidateit út á landi, eins og

reglur læknadeildar gerðu kröfu um. Kári sótti um undanþágu og hét því að ljúka þessu skilyrði þegar hann snéri aftur úr sérnámi, gegn því að fá leyfið strax. Hins vegar hefur Kári enn ekki komist í það verkefni, um fjórum áratugum síðar.

Kári fór í sérnám í taugalækningum, taugameinalækningum og taugavísindum við Háskólann í Chicago. Síðar starfaði hann hjá læknadeildinni áður en hann gerðist prófessor við Harvard háskóla og yfirlæknir taugameinalækninga við sjúkrahús í Boston.

En Ísland kallaði hann heim. Og hvílk heimkoma.

**Kári í jötunmóð**

Kári sneri aftur með fjármagn og háleitar hugmyndir og fljótlega hafði Íslensk erfðagreining hafið starfsemi sína og vakið heimsathygli. Kári varð nánast á einni nóttu einn af umdeildustu Íslendingunum, ekki síst vegna þeirra sagna sem fóru af fasi hans og persónu.

Össur skrifaði í grein sinni 1998: „Ferill og margslunginn persónuleiki Kára ein-kennist af þverstæðum.“

Vísindamaðurinn sem vildi verða skáld er í dag ein skærasta stjarna landsins á sviði viðskipta.

Á dögum Víetnamstríðsins barðist hann sem ungur sósíalísti gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna en sækir nú styrk sinn til Wall Street.“

Aðeins nokkrum árum eftir heimkomu Kára var gefin út bók um ævi hans og afrek. Höfundur bókarinnar, sem

hafði gefið hana út í óþökk Kára, var ungur sagnfræðingur, Guðni Th. Jóhannesson, sem í dag er forseti Íslands. Bókin kallast Kári í jötunmóð og vísar þar titillinn bæði til ofurmannlegs metnaðar þessa merkilega manns sem sagður er búa yfir „storkandi greind“, sem og skaps Kára sem mörgum sögum hefur farið af í gegnum tíðina.

Kári varð fljótlega þekktur fyrir óheflaða framkomu, einkum í garð fjölmiðla. Margir blaðamenn sem tóku hann tali gátu ekki stillt sig um að hefja greinar sínar á ítarlegum lýsingum á því hvernig Kári tók á móti þeim, eins og til dæmis í viðtali Kára við DV árið 2013:

„Þú skalt ekki halda það í eina sekúndu að þú skiptir mig nokkru máli,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri De-Code, hastarlegur og hvassbrýndur við ljósmyndara DV við upphaf viðtals blaðsins við hann.“

Í sama viðtali var Kári spurður út í sögur af skapofsanum og þeim orðrómi að fólk væri upp til hópa hrætt við hann.

„Ég er bara svona skríttinn maður. Ég nota sjálfsagt skringilegt hegðunarmynstur til að skemmta sjálfum mér meira en öðrum með þessu, það mætti segja mér það. [...] Hvernig getur fólk verið hrætt við þennan ljúfa mann? Já, ég er alltaf að grínast, langoftast er þetta bara húnur. Mér þykir vænt um fólk. En mér finnst skelfilegt tilhugsun að leiðast.“ ■

# JÓLADAGATÖL SEM FÁ FULLORÐNA TIL AÐ TITRA AF EFTIRVÆNTINGU

Ef buddan leyfir er ærin ástæða til þess að gera vel við sig í dimum desember. Þeir flippuð-ustu gætu jafnvel brugðið á það ráð að opna dagatalið í nóvember til þess að léttu lund. Enginn er of fullorðinn fyrir daglegan glaðning, en þeir sem vilja virkja hugmyndaflugið og dúlla heima fyrir geta einnig gert heimatilbúið dagatal, sem ekki gleður minna.

## BALMAIN HÁRVÖRUR

Balmain Paris Hair Couture byggir á langri sögu hátísku en Balmain Paris eitt fremsta og þekktasta tískuhús í heimi og t.d. í miklu uppáhaldi hjá Kardashian-genginu. Þetta dagatal er því byggt á hátísku og lúxus og er hannað með anda hins fræga næturlífs Parísar í huga. Dagatalið inniheldur 10 fornar byggingar Parísar og inniheldur hver bygging lúxusvöru í fullri stærð. *Dagatalið fæst á hárgreiðslustofum, beautybar.is og sapa.is*

Verð: 38.000 kr.



MYNDIR/ADSENDAR



## WALLY & WHIZ VÍNGÚMMÍ

Hér er á ferðinni dagatal fyllt með handgerðu dönsku víngúmmí sem framleitt er án ónáttúrulegra litar-, bragð- og aukefna. Virkilega fallega hannað dagatal en umbúðirnar má endurnýta og fylla með gúmmelaði að ári. Dagatalið seldist upp á methraða en von er á annarri sendingu í Epal.

Verð: 5.500 kr.

## L'OCCITANE HÚÐVÖRUR

Jóladagatölin frá L'Occitane seljast alltaf upp og er lúxusdagatalið nú þegar uppselt. Klassíska dagatalið er enn til í einhverju magni og inniheldur alls kyns gúmmelaði í ferðastærð svo sem handáburð, möndluolíuna unaðslegu og hárvörur svo eitthvað sé nefnt. Það er ekkert plast notað við gerð dagatalsins, sem er því umhverfisvænt og sparar fyrirtækið um 22,5 tonn af plasti við þennan gjörning.

Verð: 8.990 kr.



LINDT SÚKKULAÐIDAGATAL

Svissneski súkkulaðirisinn Lindt er þekktur fyrir hágæða súkkulaði sem kætir svo sannarlega í dimmum desember. Á heimkaup.is er að finna fjöldann allan af dagatölum fyrir alla fjölskylduna. Lindt súkkulaðidagatalið er þar á meðal auk dagatala með vegan súkkulaði, Kit Kat, Thorntons, Maltesers, Galaxy, Quality Street og margt fleira.

Verð: 1.399 kr.



BAREMINERALS SNYRTIVÖRUR

bareMinerals dagatalið inniheldur bæði húð- og snyrtivörur svo sem varaliti, gloss, kinnaliti, augnskugga og púður, í bland við krem og maska. bareMinerals-vörurnar eru vegan og án aukefna. Dagatalið er fáanlegt á beautybox.is og í Hagkaup.

Verð: 23.900 kr.

BODY SHOP HÚÐ- OG SNYRTIVÖRUR

Body Shop dagatalið er eitt það allra besta að mati margra, en það kemur í þremur stærðum í ár og er stútfullt af gleði. Body Shop vörurnar eru litríkar og skemmtilegar og hafa fest sig í sessi meðal margra. Krem, baðbombur, maskar, varasalvar, hárvörur og annað gúmmelaði í bland við snyrtivörur, eru meðal þess sem dagatalið inniheldur.

Verð: 14.490, 19.490 og 29.990 kr.



LAKKRÍDS LAKKRÍSDAGATAL

Lakkrísdagatalið frá konungi sparilakkríssins, Johani Bülow, er tilvalin leið til að telja niður dagana til jóla og gera smá vel við sig í leiðinni. Ef þú elskar lakkrís munt þú öskra af gleði til jóla! Dagatalið fæst í Epal. Ath. lakkrís er ekki góður fyrir þá sem eru með háan blóðþrýsting svo betra er að gefa ekki háþrýstingsfólki þennan gleðikassa.

Verð 5.500 kr.



ENGLISH TEA SHOP LÍFRÆNT TE-JÓLADAGATAL

Dagatalið er með 25 gluggum þar sem má finna mismunandi te bragðtegundir. Líklega eitt hollasta dagatalið á markaðnum. Jafnvel Bretadrottning sjálf myndi breika af gleði ef hún fengi þetta krútt að gjöf. Dagatalið kemur í tveimur útgáfum og mun fást í Fjarðarkaupum.

Verð: 700-800 kr.



ESSIE NAGLALÖKK

Þeir sem elska naglalökk verða ekki sviknir af þessu krútti. Í dagatalinu er að finna bæði lítil og stór naglalökk í bland við annað fíneri. Essie er eitt mest seldu naglalökk á landinu og þykir sérstaklega endingargott. Dagatalið fæst bæði á heimkaup.is og á beautybox.is.

Verð: 12.990 kr.



BEFITICELAND ÍÞRÓTTAFATNAÐUR

Fyrir þá sem elska íþróttafatnað og æfingar gæti þetta reynst hin mesta snilld. Dagatalið inniheldur 10 veglegar gjafir sem opnast 15.-24. desember. Meðal innihalds er fatnaður og fylgihlutir, en kaupendur velja stærðir fatnaðar við kaup á dagatalinu. Dagatalið fæst á befiticeland.is og er virði innihaldsins metið á 70.000 samkvæmt síðunni.

Verð: 39.990 kr.



**Ljóð muna rödd**  
eftir Sigurð Pálsson  
Útgáfuár: 2016

Hér yrkir Sigurður um grundvallaratriði lífsins: jörð, eld, loft og vatn, en líka raddir og skugga, ljós og myrkur, hvítar nætur og heilaga gleði. Hugarflugi og sköpunargleði er teft af fullri einurð fram gegn valdi eyðingar og dauða og rödd ljóðsins ómar áfram í höfði lesanda lengi eftir lesturinn. Ljóð muna rödd er ein persónulegasta og áhrifamesta ljóðabók sem Sigurður Pálsson hefur sent frá sér.

**Umsögn:** Þessi bók er kórónan á rithöfundarferli Sigurðar heitins Pálssonar, sem ég dáí og elska fyrir skrif sín af öllu tagi. Bókin fer ekki af náttborðinu mínu, enda fegurstu ljóðalok sem ég hef orðið vitni að.



Sigmundur Ernir Rúnarsson segir haustin vera uppskerutíma lestrarhesta.

MYND/STEFÁN

# SIGRÚN AMMA VAR LÆRIMEISTARINN MINN

Sigmundur Ernir Rúnarsson les mikið á hverjum degi. Hann segist alæta á bækur, en er hrifnastur af ljóðum. Fyrsta bókin sem hann kláraði spjaldanna á milli var ljóðáurval Davíðs Stefánssonar.

**Þorbjörg**  
Marínósdóttir  
tobba@dv.is



**S**igmundur Ernir Rúnarsson, sjónvarpsstjóri Hringbrautar, fagnar 40 ára rithöfundarafmæli í ár með útgáfu ljóðabókarinnar Skáldaleyfi.

„Ég les feikilega mikið, blöð og bækur, alla daga og helst fram á nótt, en það er einkum

að mín eigin skrif haldi mér frá lestri. Ég er alæta á bækur, en les þó helst ljóð, í talsvert ríkari mæli en skáldsögur – og er þess utan líka mjög hallur undir sagnfræði, landafræði og náttúrufræði, svo og þjóðlegan fróðleik.

Það segir kannski sitt að fyrsta bókin sem ég las og kláraði spjaldanna á milli, svo ég muni, var ljóðáurval Davíðs Stefánssonar, sem Sigrún amma hvatti mig til að lesa

svo ég ætti auðveldara með að tileinka mér hrynjandina, en hún var fyrsti lærimeistari minn í þeim efnunum, réri mér í gráðið við eldhúsbordið svo ég fyndi taktinn.

Haustin eru náttúrulega uppskerutími lestrarhesta – og þá kemur sér vel að geta lesið líka í vinnunni, til að undirbúa viðtöl mín í sjónvarpinu – og þá reyni ég að komast yfir allt það helsta af ferskvörnunni ■

**Híbýli vindanna og Lífsins tré**  
eftir Böðvar Guðmundsson  
Útgáfuár: 1995 og 1997

Í bókunum rekur Böðvar fjölskyldusögu vesturfarans Ólafs fíólíns og veitir lesendum einstaka innsýn í líf Íslendinga sem fluttust til Vesturheims á seinni hluta 19. aldar; störf þeirra og kjör, vonir og þrár. Persónurnar eru margar og litríkar, og saga þeirra er skrifuð af næmum skilningi og fólksvalausri samúð. Að baki frásögnunum liggur umfangs-

mikil heimildavinna og Íslandssagan lifnar við í þessu magnaða verki.


**Umsögn:** Áhrifaríkasti tvíleikur íslensks rithöfundar af Ólafi fíólín og öðrum vesturförum. Engar bækur hef ég átt erfiðara með að klára og leggja frá mér. Ég vildi ekki að þær kláruðust.



**Veröld sem var**  
eftir Stefan Zweig  
Útgáfuár: 1958

Austurríski gyðingurinn Stefan Zweig hóf ritun sögunnar árið 1934 þegar uppgangur nasista var í algleymingi og útpensla Þriðja ríkisins ásamt víðtækum gyðingaofsóknum blöstu við öllum sem höfðu augun opin. Zweig flýði heimaland sitt og hélt til Englands og síðar Brasilíu. Þar lauk hann verkinu í febrúar 1942 og póstagði handritið til útgefanda. Daginn eftir stytta Zweig-hjónin sér aldur, södd lífdaga í stríðshrjáðum heimi.


**Umsögn:** Áhrifaríkasta ævisaga sem skrifuð hefur verið og fangar tíðaranda um og upp úr aldamótunum 1900 með þvítíkum tilþrifum að maður situr orðlaus eftir. Ein besta bók allra tíma, punktur, basta.



**Farvegir**  
eftir Stefán Hörður Grímsson  
Útgáfuár: 1981

Fjórhá ljóðabók Stefáns sem er eitt af helstu ljóðskáldum okkar á 20. öld. Í auglýsingu um bókina þegar hún kom út sagði: „Lág-róma fáorð list Stefáns verður lesandanum hugstæðari sem hann kynnist henni betur. Ljóðin gerast í kynlegum ljósaskiptum, kvikna til lífs á frjálsum vettvangi skynjunarinnar. Og leikur skáldsins að tíma og fjarlægðum er einatt heillandi í Farvegum.“

**Umsögn:** Hér er komin ein stysta ljóðabók íslensks skálds, en svo innihaldsrík og efnismikil að orðið galdrar fær nýja merkingu. Lýrikin í bókinni er með því fagaðasta sem ég hef kynnst.




**Grænn varstu dalur**  
eftir Richard Llewellyn  
Útgáfuár: 1949

Haukur Morgan elst upp í stórrí námumannafjölskyldu í litlum dal í Wales. Í dalnum er hvorki lög-regla né skóli en íbúarnir lifa eftir reglum Biblíunnar og refsa sjálfir hinum brotlegu. Á uppvaxtarárum Hauks verða miklar breytingar í dalnum. Verkfallsátök verða tíð og bræður hans boða breytta tíma.

**Umsögn:** Fáum, ef nokkrum, evrópskum höfundum hefur tekist að miðla hlutskipti alþýðufólks síðustu aldar á hrifnæmari máta en þessum velska ritjöfri. Maður hverfur inn í þessa bók.

# ÞJÓÐARGERSEMIN BUBBI



Árni Matthíasson rekur ævintýra-  
legan tónlistarferil Bubba Morthens  
í ríkulega myndskreyttri bók.

Skyldueign fyrir alla Íslendinga.



 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is) | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16

## Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir hjónabandsráðgjafi svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina

í Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar Kristín spurningu lesanda sem á barn sem leggur í einelti.

Sérfræðingur svarar



## SONUR MINN LEGGUR Í EINELTI

Sæl, Kristín. Ég er í stöðu sem ég hélt ég myndi aldrei finna mig í. Líklega martröð margra foreldra. Sonur minn er að leggja bekkjarfélag sinn í einelti. Foreldrar bekkjarfélagans hafa sett sig í samband við mig og vilja hittast og ræða málin, en ég hef ekki eina einustu hugmynd um hvernig ég get tæklað þessar aðstæður. Sonur minn neitar að sjálfsögðu öllu, en starfsmenn í skólanum staðfesta að bekkjarfélaginn er að segja satt. Ég bara græt og græt og veit ekkert hvað ég á að gera, eða hvað ég gerði vitlaust í uppeldinu. Ertu með einhver ráð fyrir mig? Kveðja, eyðilögð móðir

## Sýna gott fordæmi

Sæl, móðir. Orð eru svo áhrifarík. Þú mátt ekki trú á því að þú sért eyðilögð móðir, þú ert móðir sem finnur til vanmáttar, en ekki eyðilögð eða ónýtt á nokkurn hátt. Þú hefur til að mynda viðleitni til þess að skrifa mér þessa spurningu og það segir mér að þú ert lausnamiðuð móðir sem vilt gera þitt allra besta til þess að syni þínum og bekkjarfélögum hans líði vel. Það er merki um móður sem er að gera rétt. Bara vel gert mamma, nú brettum við upp ermar og gerum eins gott úr þessu og hægt er.

Þessi spurning er afar viðeigandi núna eftir mikla eineltisumræðu í samfélaginu. Sú umræða sýnir að við sem samfélag virðumst eiga erfitt með að finna lausn þegar kemur að einelti barna, þó svo að ég trúi því að við séum öll af miklum vilja gerð hvað það varðar. Það sýnir okkur að þú ein, sem móðir, ert ekki að fara að leysa þennan vanda, en þú ert sannarlega mikilvægur hlekkur í átt að lausn. Þú nefnir að þú hafir ekki hugmynd um hvernig þú eigir að tækla aðstæður, en það eina sem þú gerir rangt er ef þú myndir ekki gera neitt. Ef þú sýnir syni þínum öryggi og gott fordæmi í þessum aðstæðum, þá eruð þið bæði að fara að mokgræða á þessari reynslu.

## Úthrópum engan

Þú nefnir að sonur þinn neiti allri sök og það má bara vel vera að hann eigi ekki sök á neinu. Aftur á móti getur „ekki neitt“ flokkast sem



MYND/GETTY

„Mér finnst þú sýna hugrekki, skilning og rétt-sýni við að gangast við þeirri stöðu sem upp er komin.“

útskúfun, bekkjarfélaginn gæti verið að upplifa atburði á annan hátt en sonur þinn, eða að þarna spili aðrir einstaklingar hlutverk sem ekki hefur komið fram. Ef foreldrar bekkjarfélagans vilja hittast og ræða málin, er það ekki bara hið besta mál? Þar getur þú aðstoðað son þinn við að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, fengið hina hlið málsins og áttað þig betur á stöðunni. Í því felst gríðarlegur lærdómur fyrir

alla hlutaðeigandi í þessu máli.

Það er gríðarlega mikilvægt að úthrópa engan. Sonur þinn er ekki vondur ofbeldismaður. Hann er barn sem er að læra á félagsleg samskipti, kannski er hann í flóknu, félagslegu umhverfi og kannski þarf hann aðstoð við að tækla það, þannig að það birtist ekki sem ofbeldi eða einelti. Mögulega myndi þetta mál leysast farsælega ef þinn sonur fær réttan stuðning og hjálp við að finna bjargráð sem nýtast honum og skaða engan. Annar eins stuðningur er í boði innan skólakerfisins fyrir þá sem eiga erfitt með lestur eða stærðfræði, það sama á að sjálfsögðu að gilda um stuðning í félagsfærni og samskiptum.

## Afneitun foreldra algeng

Fólk leggur mismunandi merkingu í orðið einelti. Það sem einn upplifir sem einelti getur annar upplifað sem grín. Nú veit ég ekki hvað sonur þinn er gamall en börn eru misfær eftir þroskastigum til þess að setja sig í spor annarra og sjá þeirra hlið og

upplifun. Einnig greinir okkur fulloröna fólk á um það hvað sé rétt eða rangt, viðeigandi eða óviðeigandi, fordómar eða fáfræði. Hvernig í ósköpunum eiga þá börn á grunnskólaaldri að gera það upp við sig? Besta mögulega útkoman í ykkar máli væri ef þið mæðginin, foreldrar bekkjarfélagans og skólinn gætuð myndað stefnu og sett markmið, sem miðar að því að báðum drengjunum líði vel í skólanum.

Ég verð að hrósa þér fyrir eitt, þ.e. að þú orðar spurninguna þína eins og það versta sem þú getur hugsað þér sé að koma fyrir þig, það segir mér að það skiptir þig miklu máli að ala upp réttisýnan og siðprúðan einstakling sem er góður við annað fólk. Margir myndu frekar orða spurninguna líkt og þú ef þau væru hinu megin borðsins, sem er skiljanlegt því við erum vanmáttug gagnvart börnunum okkar sem upplifa einelti í skóla. Eins er algengt að foreldrar „gerenda“ rjúki upp í vörn og neiti að horfast í augu við vandann sem er kominn upp. Mér finnst þú einmitt

sýna hugrekki, skilning og réttisýni, við að gangast við þeirri stöðu sem upp er komin og vilja með öllum þínum mætti finna farsæla lausn. Ef allir hugsuðu þannig, þá trúi ég því að við værum við einu skrefi nær eineltislausum heimi.

Nú er lag að snúa vörn í sókn. Við erum öll voldug þegar kemur að því að hafa áhrif á líðan annarra. Þið mæðginin getið litið á þessa stöðu sem tækifæri til þess að stuðla að því að bekkjarbræðrunum líði báðum vel í skólanum. Ef það tekst, mun það valdefla báða þessa drengi, sem og samfélagið í heild sem fær fordæmi um hvernig vel er staðið að svona málum. Gangi ykkur sem allra best, ég hef massatru á ykkur. ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: [hjonabandssaela@gmail.com](mailto:hjonabandssaela@gmail.com).

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálfsögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.

SAKAMÁL

Ágúst Borgþór Sverrisson agustb@dv.is



Í Monroe-sýslu í Michigan var lengi haldið árlegt hrekkjavökupartý sem ungt fólk sóttist mjög eftir að komast í. Maður að nafni Michael Williams hélt þessi partý á búgarði móður sinnar. Þar tróðu upp hljómsveitir og stór varðeldur var kveiktur er leið á kvöldið. Hundruð manna skemmtu sér saman úti undir beru lofti.

Chelsea Bruck var ein af þeim sem var mjög hrifin af þessum hrekkjavökupartýum. Haustið 2014 hlakkaði hún mikið til partýsins, sem þá var haldið laugardagskvöldið 25. október. Chelsea var þá 22 ára gömul, yngst fimm systkina, bjó í smábænum Maybee, ekki langt frá búgarðinum, og vann á veitingahúsi.

Chelsea fór með vinkonu sinni Beccy í partýið og þær voru báðar í flottum hrekkjavökubúningum. Þær urðu viðskila í mannhafinu, en um 700 manns sóttu partýið að þessu sinni, sem var metfjöldi. Þegar leið að lokum gleðskaparins fundu vinkonur Chelsea hana ekki, þeirra á meðal stúlka sem hafði lofað henni bílfari heim. Vinkonan Beccy var með síma Chelsea í sínum fórum. En hún fann hana hvergi.

Einhverjar sögur voru af því að sést hefði til Chelsea við varðeldinn, hafði hún verið ein síns liðs og grátið, að virtist af ótta við að hún fengi ekki far heim.

**Umfangsmikil leit**

Þegar Beccy kom heim til sín sendi hún móður Chelsea textaskilaboð þess efnis að hún væri með síma Chelsea og hann mætti sækja til hennar þegar hentaði. Það var síðan seint á sunnudagskvöldinu sem Cassy, systir Chelsea, sendi Beccy skilaboð þess efnis að Chelsea hefði aldrei skilað sér heim.

Mánudagurinn rann upp án þess að Chelsea hefði skilað sér. Lögreglu var gert viðvart og mikil umræða fór af stað á Facebook um horfnu stúlkuna. Á þriðjudag hófst formleg lögreglurannsókn á hvarfi Chelsea.

Málið vakti óhug og athygli og mikið var fjallað um það í fjölmiðlum. Partýhaldarinn Michael Williams var niðurbrotinn og sagðist vera með sektarkennd vegna hvarfs stúlkunnar. Aldrei áður hefði neitt slæmt hent í hrekkjavökupartýunum hans.

Svæðið í kringum búgarðinn var fínkembt af lögreglumönnum og stórum leitarsveitum sjálfboðaliða. Húsleit var gerð á búgarðinum en ekkert fannst sem gat varpað ljósi á hvarf Chelsea.



Chelsea Bruck (t.v.) og vinkona hennar Beccy.

MYND/FACEBOOK



Daniel Clay varð a.m.k. tvísaga um málið.

SKJÁSKOT/YOUTUBE

# STÚLKAN SEM HVARF Í HREKKJAVÖKUGLEÐSKAP

Chelsea Bruck hvarf eftir fjölmennt hrekkjavökupartý á búgarði í Michigan. Hún var 22 ára gömul, yngst fimm systkina. Mál hennar vakti mikinn óhug og gerir það enn þann dag í dag.

*Partýhaldarinn Michael Williams var niðurbrotinn og sagðist vera með sektarkennd vegna hvarfs stúlkunnar.*

Aðrir partýgestir sem lögregla ræddi við reyndust ekki hafa mjög gagnlegar upplýsingar.

Þó voru nokkur vitni sem sögðust hafa séð Chelsea yfirgefa svæðið á fjórða tímanum um nóttina, í fylgd dökkhærðs manns með gleraugu. Útlitslýsing hans var fremur almenn en þó var gerð teikning af manninum og lýst eftir honum.

**Straumhvörf í málinu**

Seint í mars árið 2015 hafði kona ein samband við lögreglu og sagðist hafa fundið stakan kvenskó á lóðinni sinni. Rannsókn leiddi í ljós að skórinn var af Chelsea. Þetta var í rúmlega 3 km fjarlægð frá búgarðinum þar sem partýið hafði verið haldið.

Mánuði síðar fannst hrekkjavökubúningur Chelsea í yfirgefni byggingu í

um 16 km fjarlægð frá partýsvæðinu. Búningurinn var rifinn og tættur og á honum voru blóðblettir úr Chelsea og ókunnum manni.

Þann 24. apríl 2015 fundust síðan líkamsleifar Chelsea í skóglendi í um 10 km fjarlægð frá búgarðinum. Líkið var svo illa farið að tanngreiningu þurfti til að bera kennsl á Chelsea. Krufning leiddi í ljós að hún hafði látist vegna áverka á höfði eða hálsi.

Lykillinn að lausn málsins fólst í því að finna manninn sem blóðið á búningnum tilheyrði. Það gerðist ekki fyrr en árið 2016, tæplega tveimur árum eftir hvarf Chelsea.

**Leiddur í gildru lögreglu**

Maðurinn sem átti erfðaeftir á búningi Chelsea virtist í fyrstu fremur tilkomulítill afbrotamaður. Hann var handtekinn vegna íkveikju-tilraunar og vegna meðlags-skulda. Hann hét Daniel Clay og var 28 ára, atvinnulaus og óstaðsettur í hús.

Í yfirheyrslum neitaði Daniel því fyrst að hafa nokkurn tíma hitt Chelsea, hvað þá gert henni mein. Hann játaði hins vegar að hafa verið í partýinu örlagaríka. Hann hafði ekki skýringu á því hvers vegna blóð úr honum var á hrekkjavökubúningi stúlkunnar.

Í yfirheyrslum lögðu lög-

reglumenn gildru fyrir Daniel. Þeir sögðu að Chelsea hefði verið með beina-sjúkdóm sem olli því að bein hennar brotnuðu auðveldlega. Hún hefði getað dáið fyrir slysi. Daniel breytti þá sögu sinni og sagðist hafa hitt Chelsea og haft kynmök við hana í bíl sínum. Hann hefði tekið hana kverkataki í samförumum. Þetta hafi verið með samþykki Chelsea, en hún hafi óvart látist við þessar aðfarir. Þegar Daniel var bent á að kinnbein hennar hefðu verið brotin, sagði hann að það hlyti að hafa gerst þegar hann losaði sig við líkið.

Daniel Clay bað fjölskyldu Chelsea Bruck innilega fyrirgefningar á því að hafa orðið dóttur þeirra að bana, en hélt sig við þann framburð að atvikið hefði verið slys. En honum var ekki trúað. Hann var sakfelldur fyrir nauðgun og morð og dæmdur í ævilangt fangelsi án möguleika á reynslulausn. Dómarinn var ómyrkur í máli er hann kvað upp dóminn og kallaði Daniel lygara, nauðgara og morðingja.

Dauði Chelsea Bruck hefur markað djúp og varanleg sár í samfélaginu í smábænum Maybee í Monroe-sýslu í Michigan. Fram að dauða hennar höfðu ofbeldisglæpir í þessu litla samfélagi verið nánast óþekktir. ■

# Eldaði indverska matreiðslubók frá upphafi til enda

Heiða Björg Hilmisdóttir er borgarfulltrúi og varaformaður Samfylkingarinnar. Hún er einnig menntuð í næringarfræði og hefur gefið út þó nokkrar matreiðslubækur.

Guðrún Ósk  
Guðjónsdóttir  
gudrunosk@dv.is



**D**agar Heiðu Bjargar eru fjölbreyttir og er dagskráin yfirleitt frekar þétt. Henni finnst mikilvægt að ná að borða kvöldmat með fjölskyldunni og er það sá tími dagsins sem allir leggja frá sér símana og setjast niður saman.

## Áhugasöm um mataræði

Heiða Björg er menntuð í næringarfræði og þegar hún var ung hafði hún mikinn áhuga á ólíku mataræði og prófaði ýmislegt í þeim efnunum.

„Í dag er ég kannski einhvers konar „flexitarian“, þó ég borði í sjálfu sér allt nema svínakjöt og þorramat þá borða ég mest úr jurtaríkinu, enda er það hollast og best fyrir okkur og umhverfið,“ segir hún og bætir við að góðir fiskréttir séu þó það besta sem hún fær.

„Næringarfræðin kenndi mér að boð og bönn eru ekki endilega málið og að það er mikilvægt að borða fjölbreyttan mat og ríkulega úr jurtaríkinu og ég fylgi því og finnst það bæði bragðbest og mér líða best af því. Aðalatriðið er að njóta matarins og ekki líta á það að borða neinn mat sem synd, eða eitthvað sem maður á að skammast sín fyrir. Ef mig langar í köku þá fæ ég mér hana og nýt hvers einasta bita. Mér finnst mikilvægt að við horfum þannig á mat almennt. Svo er ég smá dellukelling og ég get dottið inn í að kynna mér mataræðingum einhvers lands til hlítar og prófa þá alls konar. Einu sinni eldaði ég indverska matreiðslubók frá upphafi og ferðaðist þannig um þetta risastóra, fjölbreytta land og það er með því skemmtilegasta sem ég hef gert.“

## Eldhúsið griðastaður

Heiða Björg segir að henni líði eiginlega alltaf best í eldhúsum. „Enda alin upp í stórrí fjölskyldu þar sem eldhúsið var miðpunktur tilverunnar,“ segir hún.

Hún var ung þegar hún lærði að elda mat og stýrði einu stærsta eldhúsi landsins um árabíl. Hún hefur einnig skrifað tvær uppskriftabækur og starfað sem matarblaðakona fyrir blöð og tímarit. ■



Heiða Björg er þúsundþjalasmiður og snillingur í eldhúsinu.

MYND/STEFÁN

## Tandoori-kjúklingur með kúskússalati og límónusósu

**Fyrir 5**  
**kjúklingabringur (u.þ.b. 800 g)**  
**½ tsk. salt og smá hvítur pipar**  
**4 msk. tandoori-krydd**  
**2 msk. góð grænmetisólía**

### Kúskússalatið góða

**5 dl vatn**  
**2 msk. ólífuólía**  
**½ tsk. flögusalt**  
**2 ½ dl kúskús**  
**½ laukur**  
**2 hvítlauksgeirar**  
**1 rautt chili**  
**½ gúrka**  
**1 avókadó**  
**1 msk. sítrónusafi**  
**1 dl saxaður graslaukur (má setja vorlauk)**  
**1 dl kóriander, saxað**  
**2 tsk. sesamolía**  
**2 msk. ólífuólía**

### Límónusósa

**1 sítróna, safi**  
**1 límóna, safi**  
**2 dl rjómaostur**

Skerið kjúklingabringurnar í jafnstóra bita. Stærðin skiptir ekki höfuðmáli en ef þeir eru jafn stórir eru þeir gegnsteiktir á sama tíma og þá er ekki hætt á að sumir bitar verði ofsteiktir og aðrir of lítið steiktir.

Setjið tandoori-krydd og salt og pipar í djúpan disk og veltið kjúklingabitunum upp úr því. Hellið olíu á pönnu og steikið bringurnar á pönnunni við meðalhita þannig að þær brúnist jafnt að utan.

Setjið u.þ.b. ½ dl af vatni á pönnuna, setjið lokið á og lækkið hitann og látið bringurnar eldast í gegn eða þar hitamælir sýnir 65°C kjarnhita. Þetta gæti tekið um það bil 20 mínútur. (Ef þú átt ekki kjarnhitamæli getur þú prófað að skera einn bita í sundur til að fullvissa þig um að hann sé hvítur í gegn).

Setjið 5 dl vatn í pott ásamt 2 msk. af ólífuólíu og 1 tsk. af salti og látið suðuna koma upp.

Takið af hitanum, setjið kúskús út í, blandið saman og setjið lokið yfir. Látið standa í 5 mínútur. Saxið lauk í þunnar ræmur, merjið hvítlaukinn létt með hnífnum og saxið smátt.

Skerið chili í tvennt og skafið fræin úr og saxið smátt. Flysið gúrkuna með kartöfluskrelara og skerið í tvennt.

Skafið fræin inanan úr með teskeið og skerið gúrkuna í litla teninga.



MYND/ADSEND

Blandið kúskúsgrjónunum og grænmeti saman.

Skerið avókadó í bita, setjið þá út í og kreistið smá sítrónusafa yfir (það kemur í veg fyrir að avókadóið verði dökkt að lit í salatinu).

Saxið graslauk og kóriander og hrærið létt saman við ásamt ólífu- og sesamolíu.

Setjið allt sem á að fara í sósunu í matvinnsluvél og maukið saman.

Leggið salatið á diska eða eitt stórt fat. Raðið kjúklingabitunum ofan á og berið fram með límónusósunni. Ef tími vinnst til skelli ég í Naan brauð.

## Matseðill Heiðu Bjargar

### Morgunmatur

Byrja daginn á kaffi og hafrajógúrt með músli.

### Hádegismatur

Ég borða yfirleitt í vinnunni og þá það sem mér líst best á, hvort sem það er spennandi salat eða heitur heimilismatur, þar er alltaf í boði grænmetisréttur.

### Millimál

Kaffi. Mér finnst líka gott að fá mér ávexti, möndlur, rúsínur eða aðra þurrkaða ávexti ef mig vantar orku. Ef ég er á fundi á ég það nú til að fá mér kanelsnúð eða kleinu.

### Kvöldmatur

Elda heima, eitthvað sem helst flestum finnst gott. Við eldum nokkuð oft fiskrétti, vegan spaghatti bolognese, lasagna og annað ítalskt, því Sólkatla mín elskar það, meðan hin börnin eru meira í þessu kryddaða og sterka. Þannig að indverskur pottréttur og hrísgrjón eða steiktur núðlur með grænmeti eru líka oft á borðum heima.



# Una í eldhúsinu



MYNDIR/AÐSENDAR

Una Guðmundsdóttir leggur til að fólk ögri bragðlaukunum með þessum nýstárlega og góða rétti. Hann kemur skemmtilega á óvart og virkar bæði sem brönsréttur eða hluti af kvöldverði.

## Vöfflur


- 2 egg
- 1 msk. sykur (má sleppa)
- 250 g hveiti
- 1 tsk. lyftiduft
- 3 dl mjólk
- 1 tsk. vanilludropar
- 80 g smjörlíki

Hrærið egg og sykur vel saman.

Bræðið smjörlíkið og látið það kólna aðeins áður en því er blandað saman við.

Blandið saman hveiti, lyftidufti, vanilludropunum og mjólkinni.

Smyrjið vöflujárnið með smá smjörklípu til að fá stökka áferð á vöfflunum.



Bakið vöfflunum.

Berið fram vöflu með kjúklingalund, ásamt sírópi yfir eða til hliðar.

## Kókosraspaðar kjúklingalundir á vöflu

Kjúklingur á vöflu er ný og skemmtileg hugmynd, fullkomin bröns-hugmynd, en gengur einnig vel upp sem kvöldmáltíð.


- 500 g kjúklingalundir
- 1 egg
- 1 dl mjólk
- 5 msk. hveiti
- 160 g kókosmjöl
- salt og pipar
- 2 tsk. paprikuduft
- 2 tsk. cumin-duft
- 2 tsk. hvítlauksduft
- 1 tsk. cayennepipar
- 4 msk. kókosolíu til steikingar

Byrjið á að hræra saman egg og mjólk í skál, hveitið fer í aðra skál og í þriðju skálina fer kókosmjölið ásamt kryddinu. Hrærið kryddið vel saman við kókosmjölið.

Dýfið hverri kjúklingalund í hveiti, þaðan er henni dýft í mjólkur-blönduna og að lokum í kókosmjölsblönduna, passið að hjúpa kjúklingalundina vel af kókosmjöli.

Steikið hverja lund upp úr kókosolíu á vel heitri pönnu þangað til að þær eru gullinbrúnar.

Setjið í eldfast form og inn í ofn í um 25 – 30 mínútur við 200 gráður.



HELGAR KROSSGÁTAN



		TAMUR HÆTTU- MERKI		VARP SAGA			PRÓTTUR	MÝKJA LÆÐA		
PYTTLA										FORUG
PENINGA- PÚKI							FREISTA			
							STÆKKUÐU			
VOGUR							LOKI			
HLJÓÐFÆRI						VERKFÆRI				
						SKVETTA				
GLJÁHÚÐ		HREINSA	FLASA				3			GÆLU- NAFN
					2		KVK NAFN	TVEIR EINS		
DANS								SUÐ		
SKYNFÆRI						VAGGA	KNÉSETJA			STELA
							SJÚK- DÓMUR			
				UNGÝR						VOTVÍÐRI
				SJÚSS						MISMUNUR
Í RÖÐ			EGGJÁRN		5		PRÚTNUN			
			FARMUR				SAMKOMU- LAGS			
SLÉTTUR										GUMS
MÖGLA						KUNNINGI				PYRPING
						TRÚAR- HÁTÍÐ			4	
						ÖNDUNAR- FÆRI				BÓLGNA
						HVIKA				
SAMBAND		POLDI			1					
		ÁN					KK NAFN			LITHIMNA
						SKELDÝR				
						PRÖNGSÝN				KVÍA
										BLÖKK
KANN										
FÁT						PLAT				SANNAR- LEGA
						SKEMMDIR				SVEIM
						SKÁLMA				BRESTA
						FLUG				MISSA
UMRÓT										
						NAGA				ÓVILD
FLUTT		DANS								
		ÓREIÐA								TVEIR EINS
							RANN- SAKAR			
						STJÖKUN				GRUNA
							NÆRÐAR			



Verðlaunahafi síðustu helgarkrossgátu

Áslaug Sigurðardóttir, Reykjavík

Rétt svar við gátu vikunnar skal senda á [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is) ásamt nafni, símanúmeri og heimilisfangi.



Verðlaun fyrir rétt svar er Gegnum vötn, gegnum eld eftir Christian Unge

Fyrsta sagan í nýjum spennubókaflokki um bráðalækninn Teklu Berg.

Tekla er ungur læknir á bráðadeild Nóbelsjúkrahússins í Stokkhólmi. Hún er eldklár og tekst af öryggi á við hverja áskorun í starfinu. En Tekla á sér leyndarmál. Fjölskyldu-saga hennar er eitt flakandi sár og sársaukann þarf hún að deyfa dag hvern. Og hún býr yfir dýrmætum og hættulegum eiginleika: hún gleymir engu sem hún sér.

Pegar stórbruni verður í háhýsi í borginni bjargar Tekla lífi manns sem enginn veit hver er. Grunsemdir vakna um hryðjuverk og lögreglan vaktar sjúklinginn sem liggur rænulaus og skaðbrunninn á spítalanum. Er hann sprengivargur eða saklaust fórnarlamb – jafnvel maður sem Tekla þekkir mætavel og myndi fórna öllu fyrir?

Gegnum vötn, gegnum eld er geysivel fléttuð spennu-saga um grimma undirheima, spillaða yfirstétt og þarftu um auð og völd – en líka um böndin sem binda fólk saman til góðs og ills.

Höfundurinn, Christian Unge, er yfirlæknir í Stokkhólmi og hefur starfað fyrir Lækna án landamæra. Hann nýtir reynslu sína og þekkingu vel í bókunum um Teklu. Hilmar Hilmarsson þýddi.

SU DO KU

Lausnarorð þessarar helgarkrossgátu er:

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

2	7	1				3
		5				6
			2		4	
					9	
6	2	1	3		8	
			9			7
2		3				7
		8				3
5	7		4	2		

				2	3	4
	8		7			
	5			6		2
8		3			5	
		1		4	7	
4			8	6		1
	9					7
						8
3					4	2

Lausn síðustu helgarkrossgátu

						B	Ö				L
						Ú	S	J	Ó	R	I
						T	Á	K	N	A	S
						S	K	I	L	K	U
						B	Ú	I	Ð	B	Ö
						N	I	Ð	G	A	P
						M	A	M	M	Ö	N
						J	A	K	A	Æ	S
						J	A	L	S	A	
						X	H	A	U	G	
						L	Ú	R	M	I	
						U	S	T	A	U	
						A	F	T	R	A	
						Æ	T	N	I	P	
						R	G	A	F	A	
						I	S	A	F	I	
						P	R	E	K	K	
						N	Á	Ð	A	M	
						A	U	N	G	I	
						O	Ð	T	A	L	

## ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

			7	1				
	4					3	6	5
3						6		
							9	
6		9				5		4
	5							
		1						3
4	7	3						8
				6	5			

## AMERÍSK KROSSGÁTA

1	2	3	4	5			6	7	8	9
10							11			
12							13			
14							15			
16						17			18	
			19	20			21			
22	23	24		25			26	27	28	29
30			31				32			
33							34			
35							36			
37							38			

- |  |  |   |   |
|--|--|---|---|
| <b>LÁRÉTT</b><br>1. vöndull<br>6. himna<br>10. siður<br>11. kk. nafn<br>12. örðu<br>13. kafaldi<br>14. veifa<br>15. lokkar<br>16. dangl<br>17. vafi<br>18. líkja | 19. gramar<br>22. klaka<br>25. líka<br>26. til samans<br>30. árstíð<br>32. klandur<br>33. umturnun<br>34. andstæðinga<br>35. rándýr<br>36. langur<br>37. lykta<br>38. fugl | <b>LÓÐRÉTT</b><br>1. þrábeiðni<br>2. festa<br>3. út<br>4. pikka<br>5. hýði<br>6. friði<br>7. hylja<br>8. útdráttur<br>9. rögbera<br>11. stúka | 17. fjallsbrún<br>20. meindýr<br>21. rötull<br>22. hugleiða<br>23. ásamt<br>24. útbíuð<br>27. teyma<br>28. mildun<br>29. fjöldi<br>31. kústa<br>32. jafningur |
|--|--|---|---|

## STAFARUGL

Leynigesturinn í síðasta stafarugli var **BÓLUEFNI**. Já, svo sannarlega efast ég stórlega um að nokkuð sé það sem fólk bíður eftir með jafn mikilli óþreyju og bóluefni við COVID-19. Við erum öll, tel ég fyrir víst, orðin svo langþreytt á þessu kófi og þráum ekkert heitara en að þessum fjára fari nú að linna. Svo af greiðasemi við alla mun ég líkt og síðustu skipti nota eingöngu orð sem nær ómögulegt er að tengja því ástandi sem þjóðfélagið er í.

Svo, hér er 20 orða orðasúpa, 19 gefin upp eins og venjulega en það tuttugasta, leynigesturinn, er þó líkt og í síðasta stafarugli eitt orð sem tengist jú kófinu. Því fólk er farið að horfa langt fram á veg þar sem það er allt eins líklegt að kófið gæti þessa vegna stolið af okkur jólonum, að minnsta kosti eins og við erum von og viljum hafa þau, sem og fleiri hefðum sem við viljum fá að halda í og geta haldið eins og vanalega. Svo mörg okkar spyrja, verða kannski engar ..... í ár?

Álafossúlpa Bedúinar dadaismi sæbjúgu	asahláka eskiviður fóðrun akfæri	tvímaður esperanto Tólftá ríbóflavín	kvistgluggi rófubiti hænsni hæðardrög	hallamál snóker trampólín
--	---	---	--	---------------------------------

B E N B B E X Í O Ó K M Í L Ó B ð K Ú Y K L H F A T É Y U Ý  
O G V D I Ú Ý H B P R Í E S P E R A N T O E Y Í Í B Ó K Á X  
X T D P Á S A A K G D R V F Á B U ð O R H É Ó Á A N V F S M  
M S D Í Í P X J G Ó P V M É É I L R Ó J O T H P H B E E T A  
R A H Í V M F F E R T O Ó I Y N I I T ð V É M Ú F R ð Y R Á  
M Ý Á B Ú S F J R I O B Á L O E S A K D X M É Ú X Á E P U Á  
N R A L L K S Ú H J T ð F Ó J G O K V I S T G L U G G I H T  
B N N I J P T K Ý L H I L B Ý U V V A G Ú É L N D P K M Æ R  
D S D É S X D J P I K M U M H Ú ð J S P U Í R I A K A P N A  
É S U A R Í N I D I É Y B Y Ó O I V A E Í Ó Y P E J S N S M  
N É Ú U B M J L Ý D V I A D V H É ð Y G K Á L X U Í A I N P  
L É Á ð J ð Y B Ó U T D E F H Ý I M H G Á Ú R ð D G H V I Ó  
P G I Í X S D U M O H K Í A J M A T I H S N H D O F L N P L  
Í X P O É É U S Ó N E B I E Á T Y D S J G R R Ó U Á O N Í  
Ó U L ð A P É Ú J X J D U F T X É H O J B S U H Ú Y K L D N  
E J Ó L Ú Y Ý N R P D D G L X H O F Y P ð V S K E K A J Y U  
M V S Í M V G X N K Y A Á L N Y A F Í O B F Ú Á Y U A X Á P  
O X A T Y F N Ó Ý A A M D E A L E T J I M Y Í F J D N O D X  
V M Ó H P M R S D ð A P A A Á L D M A Y J Y Ý N A K T B O B  
O P É Ó R É M D I L G L K A I Y O S L M D S R N P Á Ó É N L  
N U Á L I Ó G Ó L O A O F B Á S N H D Ó T S Y D J J G A Y O  
L Á O I H Í K A X V P K ð G M D M Ú N É H ð G ð K I Ú V J K  
I F F L K J H ð H Y F Y E S K I V I ð U R Ú F G Í I U V É Í  
B S V E O S P L J Ó L T Y S D J K N Í Ú I Ó É E Y E F D S Í  
O ð Ú F Ó ð R U N H X É T N J A É P K L Í Á F G J L Y Á A P  
T Ú U J D D G A E O L J O Ó Ú N Á É H J U A X U M I N E O D  
D P B R H Ó U F R I É Í Á K J I S R Ý A R F T Y B O É L T P  
Y L O O S Æ A M F R L Y B E E X G R É K E D Y Ý E I S Á Ó P  
Á E N É G O ð R S T G R Á R Á L P Í D K B Í O L É N T ð U E  
I D ð D P O A A O Æ M S S K N B S B Ó K X Ú R ð Y Í O I M I  
Y Á P Ý M N Á R R P B ð S P D O Í Ó I H M V P Y B D D Ó R L  
M I G H Í D U Ý H D N J Y N F F B F O Ý X V I Ó Á G N Æ R J  
V G M Ú P ð O J X Y R B Ú H I ð P L V Ó Í H E É É H F A T E  
Ó Í D N A T K L G Í P Ö V G ð K ð A Y Ý G B Ú K N K Y F E S  
O E T M Ý L U E I U S I G N U T Á V P H E Ú K É A V P Ó Í D  
B É Í K Ý ð ð Í Í Ú Ú ð K T I O F Í M E ð I V U R Ú B K D O  
O V J D Á A ð D I J G T F K R Á Ý N E B J D É Y É O Ó K I K  
T T G P O N Y N Ý L Ó A Ý M É Y Ó V K Ý H Á M M U R B É Ú I  
L L O O N X A Ý E X J É O Y D J O P Y Ú X L S V L G L Ú T H  
Á R A M Ó T A B R E N N U R Ó D F F H H E M A G H Ó U T Ý X

# Skiltagerð og merkingar

Inni og úti merkingar, spjöld og skilti. Kíktu á heimasíðuna okkar og skoðu þjónustuna sem er í boði.

**BÍLAMERKINGAR**  
Xprent.is

**SKILTAGERÐ**

**KYNNINGARSVÆÐI**

Xprent ehf. | Sundaborg 3 | 104 Reykjavík | 777 2700 | xprent@xprent.is

10 ára  
Stofnað 2010

**CINDY CRAWFORD**

Fyrirverandi ofurfyrirsætan varð 54 ára og er jafn glæsileg í bikini núna og hún var á níunda áratugnum.



MYND/BACKGRID

MYND/AKM-GSI

**ELLE MACPHERSON**

Ef einhver kann að njóta á ströndinni þá er það Elle Macpherson. Ástralska fyrirsætan, leikkonan, sjónvarpsstjarnan og athafnakonan varð 56 ára fyrr á árinu.

**SHARON STONE**

Leikkonan og fyrirsætan Sharon er jafnaldrá Jamie. Í nýlegu viðtali við Telegraph sagðist hún ekki vera sammála viðhorfinu að „útlit skipti ekki máli.“ Það er stór lygi. Og þú áttar þig ekki á því fyrr en útlit þitt fer að dafna,” sagði hún. Hún sagðist jafnframt hafa notað þá hugsun sem hvatningu á æfingum í samkomubanninu. Hún deildi þessari bikinimynd í maí á þessu ári og gerði allt vitlaust í kjölfarið.



MYND/INSTAGRAM

MYND/STEW

**JAMIE LEE CURTIS**

Leikkonan er kannski komin á sjö-tugsaldurinn, hún verður 62 ára seinna í mánuðinum, en er alltaf jafn glæsileg.

# Yfir fimmtugt og í hörkuformi

Konur eru eins og gott vín, þær verða bara betri með árunum. Hér eru nokkrar stjórnur sem sýna að aldur sé bara tala. Hvort sem það er þrotlaus vinna eða góð gen þá geisla þessar skutlur.



MYND/INSTAGRAM

**KRIS JENNER**

Höfuðpaur Kardashian-Jenner veldisins, Kris Jenner, er 64 ára en er jafn ungleg og dætur hennar. Það mætti segja að börnin haldi henni unglegri, en hún á sex börn og tíu barnabörn. Það er því nóg að gera, í viðbót við að vera ein frægasta fjölskylda í heimi.



MYND/INSTAGRAM



MYN/AKM-GSI



MYND/SPLASH NEWS



MYND/INSTAGRAM



MYND/WENN

**JANE SEYMOUR**

Fyrrum Bond-stúlkan er 69 ára og á því stórafmæli á næsta ári. Hún sagði í viðtali hjá This Morning að mataræði hennar samanstæði mestmegnis af grænmeti, fiski og kjúklingi, auðvitað vinglasi með.

**GOLDIE HAWN**

Goldie Hawn verður 75 ára seinna í nóvember. Dóttir hennar, leikkonan Kate Hudson, deildi nýverið sundfatamyndum af móður sinni og sagði hana vera gyðju.

**COURTENEY COX**

Friends-leikkonan hefur talað opinskátt um að hún sjái eftir að hafa látið eiga við andlit sitt. Hún hefur síðan þá látið leysa upp fylliefni í andlitinu og ætlar sér að eldast á náttúrulegan máta.

**LISA RINNA**

Raunveruleikastjarnan Lisa Rinna svaraði þeim sem gagnrýndu líkama hennar, hún sagði: „Slakið á tíkur.“ Lisa er 57 ára og í hörkuformi.

**LORRAINE KELLY**

Fjölmiðlakonan Lorraine Kelly er ekki feimin að klæðast bikini. Sextuga sjónvarpsstjarnan sagði í viðtali við Femail fyrir nokkrum árum að hún nýtti hvert tækifæri til að klæðast sundfötum.

# SPÁÐ Í... stjörnurnar



## LESID Í TAROT **Katrín Júlíusdóttir**

### Ófeimin að þiggja og gefa

Að þessu sinni er spád fyrir Katrínu Júlíusdóttur, fyrrum þingmanni og ráðherra, sem gaf nýverið út sína fyrstu skáldsögu, *Sykur*. Katrín er Bogmaður sem kemur ekki á óvart enda eru þeir þekktir fyrir drifkraft sinn. Bogmaðurinn er félagsvera, skemmtilegur og uppátækjasamur. Ástæðan fyrir bognum er sú að þeir eru gjarnan með mörg markmið sem þeir vinna hörðum höndum við að uppfylla og eru því oftast með bogann spenntan. Þeir gera miklar kröfur til sjálfra sín og sinna nánustu. Svo eru þeir dýrmætir vinir að eiga sem myndu hiklaust fara sér að voða til að hjálpa sínu fólki. Margir bogmenn eru með athyglisbrest sem ætti í raun að kallast athygliskostur, því ósjaldan kemur þetta fólk meiru í verk en flestir.



MYND/STEFÁN KARLSSON

#### Vogarskálín

Jafnvægi | Hófsemi | Polinmæði | Tilgangur

Hófsemi og jafnvægi eru lýsandi fyrir þetta spil. Jákvætt spil sem boðar betra flæði og rútínu þar sem hlutir fara að detta í réttan farveg. Ef lífið hefur verið yfirþyrmandi, máttu eiga vona á auðveldari tímum. Það þarf mikið til að koma þér í uppnám þar sem þú hefur byggt upp finan þröskuld eftir ýmsa erfiðleika, þetta virkar sem eins konar ofurkraftur. Það er aðdáunarvert hvernig þú tæklar litlar uppakomur hér og þar sem áreita þig, viðmótið hjálpar þér að klára þetta tímabil, sem tekur á, en sér fyrir endann á.

#### Elskendur

Jafnvægi | Hófsemi | Polinmæði | Tilgangur | Ást | Sátt Sjálfását, endurfundin ást, ný ást. Það er ást í loftinu og mig grunar að þú vitir nákvæmlega um hvað við erum að tala! Hvað er betra en að elska og vera elskaður? Það er mikil auðmýkt og virðing sem fylgir þessu spili, leyfðu þér að dvelja í þessu tímabili og njóta tilfinningarinnar. Vertu opin og ófeimin við að þiggja og gefa. Hér sérðu hlutina í nýju samhengi og ert tilbúin að treysta. Þetta er líka tímabil þar sem þú nærð að vera samkvæm sjálfri þér, velja fyrir þig og segja upphátt langanir þínar.

#### Keisaraynja

Kvenleiki | Fegurð | Náttúra | Ræktarsemi | Gnægð

Þetta er sannkallað lukkuspil, táknrænt fyrir uppskeru. Þú



### Skilaboð frá spákonunni

Það eru sterkir galdrar í þakklætinu.

hefur lagt mikið á þig til að komast á þann stað sem þú ert á núna og færð nú að njóta þess. Þegar þessi lukka umlykur þig er gott að staldra við og þakka fyrir þær gjafir sem lífið hefur fært þér. Helsta ráðlegging þessa spils er að þegar maður hefur lengi verið í lífsgæðakapplaupinu þá kann maður ekki að slaka á og njóta þess sem maður hefur uppskorið. Nú er tíminn til þess að hægja á sér, líta í kringum sig og njóta.

## SVONA EIGA ÞAU SAMAN

### Lítill körfuboltakappi kominn í heiminn

Fjölmiðla- og körfuboltaparið Kjartan Atli Kjartansson og Pálína María Gunnlaugsdóttir eignuðust stúlku, þann 31. október síðastliðinn. Pálína er fyrrum landsliðsmaður í körfubolta og spilaði lengi í úrvalsdeild. Kjartan Atli er sjónvarpsmaður á Stöð 2 og stýrir meðal annars körfuboltaþættinum *Domino's* körfuboltakvöld, stundum með Pálínu sér við hlið. DV lék forvitni á að vita hvernig þau eiga saman ef lítið er til stjörnumerkjanna.

Kjartan er Tvíburi og Pálína er Steingeit. Það getur verið viss áskorun fyrir Tvíbura og Steingeit að láta sambandið ganga. En ef þeim tekst að laga sig að stíl hvors annars þá verður sambandið bara betra með árunum. Tvíburinn er glettinn og aldrei langt í grínið hjá honum. Hann kennir Steingeitinni að meta spaugilegar hliðar lífsins. Tvíburinn er líka ótrúlega bjartsýnn og á auðvelt með að hressa við svartstýnu Steingeitina. Steingeitin er einbeitt og setur sér skýr markmið, hún getur hjálpað Tvíburinum að taka ákvarðanir og elta drauma sína. ■



MYND/SAMSETT DV

Kjartan Atli Kjartansson Tvíburi	Pálína María Gunnlaugsd. Steingeit
23. maí 1984	2. janúar 1987
■ Góð aðlögunarhæfni	■ Ábyrg
■ Skapandi	■ Öguð
■ Fljótur að læra	■ Góður stjórnandi
■ Blíður	■ Skynsöm
■ Óákveðinn	■ Besserwisser
■ Stressaður	■ Býst við hinu versta

## STJÖRNUSPÁ **Vikan 06.11. – 12.11.**

### Hvað segja stjörnurnar um þig þessa vikuna?

**♈ Hróttur**  
21.03. – 19.04.

Það eru fáir með jafnmikið keppnis- skap og þú, elsku Hróttur og það virðist koma sterkt inn þessa vikuna. Allt verður keppni og áskorun og þú platar alla í kringum þig til að taka þátt. Við styðjum þig heilshugar. Þetta er mögulega góð leið til að dreifa huganum.

**♎ Vog**  
23.09. – 22.10.

Skipulag einkennir þessa viku. Þú ert þekktur sveimhugi, því hvetja stjörnurnar þig til að halda minnisbók um allar þessar frá- bæru hugmyndir sem þú ætlar að framkvæma. Setning vikunnar er að stundum þarf maður að eyða peningum til að búa til peninga, hafðu það bara á bak við eyrað.

**♉ Naut**  
20.04. – 20.05.

Þér líður eins og unglingi og ert það mögulega, kærri lesandi. Þér líður allavega eins og það sé flókið að vera þú. Miklar tilfinningar og mikil óákveðni, hvert stefnirðu? Hvað ertu að gera? Hver er tilgangurinn? Einhver lærdómur er í gangi sem þú munt skilja seinna meir.

**♏ Sporðdreki**  
23.10. – 21.11.

Já þú mátt fá þér kokteil í hádeg- inu. Það gilda engar reglur lengur, þannig séð. Pitt innra barn öskrar, þig langar bara að dansa, leika þér og þykjast ekki vera fullorðinn og það má – svo lengi sem þú vanrækir ekki skyldur þínar. Láttu það eftir þér, það hjálpar þér næstu vikur.

**♊ Tvíburi**  
21.05. – 21.06.

Hæ Bubbi byggir! Eftir að hafa horft á ófáa Heimilis- og hönnunar- þætti síðustu mánuðina finnur þú til mikillar löngunar til að breyta, laga og gera fint! Þú ert nú ágætlega handlaginn og fjölhæfur, þannig að útkoman ætti að vera í takt við það.

**♋ Bogmaður**  
22.11. – 21.12.

Ef það er einhver sem deyr ekki ráðalaus þá ert það þú! Þú kemur sjálfum þér á óvart hversu vel þú höndlar allt sem lífið kastar í þig, ekkert mun á þig fá. Festu skikk- una! Þú ert tilbúin/n með lausnir, græjar, lagar og kemur miklu í verk.

**♋ Krabbi**  
22.06. – 22.07.

Sykursæti krabbi er í hátíða- skapi og bakar eins og enginn sé morgundagurinn. Að því sögðu þá minnum við þig á að passa þig á sykrinum, ekki éta tilfinningar þínar, segðu þær upphátt við sem flesta. Bætt, líkamleg heilsa hjálpar að koma ýmsu öðru í jafnvægi líka.

**♏ Steingeit**  
22.12. – 19.01.

Hæ, heyrðu þú misstir eitt... Kúlið! Okkur grunar að einhver hafi fengið það óþvegið frá þér og ekki átt það skilið. Við hvern þarftu að segja fyr- irgefðu og hvað var það í raun sem orsakaði þessar tilfinningar? Segðu sorry og allt verður með felldu.

**♏ Ljón**  
23.07. – 22.08.

Ljónið er heldur betur í skipulags- stuði, farið að panta jólagjafir og pakka inn! Það er ekki verið að sóa tíma. Mögulega leiðist þér, en það er gott að þú finnur þér eitthvað að gera. Passaðu bara að fá þér ekki of mikið rauðvín með netkaupunum, þá gæti eitthvað komið þér á óvart.

**♊ Vatnsberi**  
20.01. – 18.02.

Árangur snýst ekki bara um feril- inn, heldur um að gera heiminn að betri stað. Hafðu það í huga því þú veist að þegar þú lætur gott af þér leiða þá líður þér betur. Fókuseraðu á það, fremur en það sem þú heldur að öðrum finnist að þú ættir að gera, já, lestu þetta aftur.

**♊ Meyja**  
23.08. – 22.09.

Skringilegir og yfirnáttúrulegir atburðir eiga sér stað hjá þér þessa vikuna. Mögulega sérðu draug eða færð áhugaverð skilaboð í draumi. Þetta verður allavega ógleyman- legt og saga sem þú munt endur- taka oft um ókomna tíð.

**♋ Fiskur**  
19.02. – 20.03.

Þú ert minnsta félagsveran af öllum merkjunum og elskar þinn einka- tíma. Fólk er oft fyrir þér og þú ert glaðastur einn undir teppi með bók (lesist rauðvínsglas). En fyrr má nú vera. En nú þarftu á þínu fólki að halda. Hringdu í „vín“konu.

# FULLKOMIN ENDURKOMA HEIMIS

Heimir Guðjónsson snéri aftur í íslenskan fótbolta eftir stutt stopp í Færeyjum. Þessi magnaði þjálfari tók við þjálfun Vals síðasta vetur og varð Íslandsmeistari á fyrsta ári á dögnum, þegar KSÍ blés öll Íslandsmót af vegna kórónaveirunnar.

Hörður Snævar  
Jónsson  
hodd@433.is



Valur varð Íslandsmeistari í knattspyrnu karla um síðustu helgi, þegar KSÍ ákvað að hætta leik á Íslandsmótunum vegna kórónaveirunnar. Reglugerð sambandsins frá því í sumar gaf sambandinu tækifæri til að slaufa mótunum og krýna sigurvegara.

Valur er verðskuldaður Íslandsmeistari í karlaflokkki en liðið hafði mikla yfirburði í allt sumar. Snögg endalok Íslandsmótsins eru þó vonbrigði fyrir Valsara, liðið hafði mikla möguleika á því að slá stigametíð í efstu deild og að vinna bikarkeppnina, þar sem liðið var komið í undanúrslit.

## Sammála KSÍ

Heimir Guðjónsson snéri aftur í íslenska boltann fyrir tímabilið og gerði Val að Íslandsmeisturum í fyrstu tilraun. Þessi þrautseigi þjálfari hefur nú sjö sinnum fagnað sigri í efstu deild á Íslandi sem þjálfari, hinir sex sigurnir komu sem þjálfari FH, en hann var rekinn úr starfi sínu þar árið 2017 og hélt til Færeyja í tvö ár.

Heimir vann efstu deild í Færeyjum í fyrstu tilraun sem þjálfari HB. „Auðvitað vildu allir klára þetta á vellinum, það er ekki spurning. Það hefði verið besta leiðin ef það hefði verið hægt að fara hana en ég var sammála KSÍ að láta þetta gott heita. Að mínu mati var ekki stætt á því að spila áfram í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir. Þetta var mjög góð ákvörðun KSÍ, þetta var þungt eins og þetta var orðið. Leikmenn hefðu þurft að fá að æfa í tvær vikur áður en það yrði spilað aftur, þá ertu kominn inn í desember og mikið af hlutum sem eru komnir inn í þetta. Mér fannst þetta orðið gott í bili,“ sagði Heimir, um stöðu mála og þá ákvörðun að klára ekki mótið.

Þó að Heimir sé sáttur við ákvörðun KSÍ var gulrót í boði fyrir lærisveina hans, dauðafæri á að slá stigamet KR og vinna tvöfalt, sem hefur reynst liðum erfitt síðustu ár. „Auðvitað hefðum við viljað spila ef aðstæður hefðu verið betri, það var fullt af hlutum sem við hefðum getað afrekað. Að vinna tvöfalt, stigametíð og svo markaðæmi líka. Það er miður að það hafi ekki verið hægt, en það kemur ár eftir þetta ár.“



Heimir Guðjónsson hefur átt magnaðan feril sem þjálfari og er hvergi nærri hættur. MYND/ANTON BRINK

„Mér fannst við langbestir og leikirnir á móti liðunum í öðru og þriðja sæti í sumar sanna það.“

## Yfirburðirnir komu á óvart

Valur, sem hafði verið með sigursælt lið undir stjórn Ólafs Jóhannessonar, rann á rassinn sumarið 2019 og var ekki nálægt því að vinna deildina, þrátt fyrir það var liðinu spáð titlinum af öllum helstu sérfræðingum fyrir mótið. Í aðdraganda mótsins var Heimir hissa á því að liðinu væri spáð sigri. „Þessir yfirburðir koma á óvart, ég verð bara að viðurkenna það. Mér fannst við langbestir og leikirnir á móti liðunum í öðru og þriðja sæti í sumar sanna það. Við vinnum FH í Kaplakrika 4-1,

höfðum gríðarlega yfirburði. Stjarnan í Garðabænum, erfiður útivöllur og við skorum fimm mörk í fyrri hálfleik. Þetta var sannfærandi, ég átti von á meiri mótsþyrnu. Á móti kemur að þetta voru skrytnir tímar, menn voru að hætta og byrja aftur. Það spilaði einhverja rullu eflaust.“

## Svaf ekki í tvo daga

Valur hikstaði í upphafi móts, tap gegn KR í fyrstu umferð og skellur á heimavelli gegn ÍA í fjórðu umferð, voru einu tapleikir Vals í átján leikjum. „Tapið á móti KR í fyrstu

umferð var erfiður biti að kyngja, ég held að ég hafi ekki sofið í tvo daga eftir þann leik. Mér fannst KR komið miklu lengra en við sem lið á þeim tímabili, svo er það tapið á móti ÍA. Það var niðurlægning og algjör skandall. Þú tapar ekki svona á heimavelli og við breyttum liðinu eftir þann leik. Menn áttuðu sig á því að það þarf að gera hlutina saman, þá fóru hlutirnir að ganga betur fyrir okkur. Í framhaldi af þessu tapi gegn ÍA þá litum við aldrei til baka. Það voru ekki nein tófrabrogð, menn þurftu bara að gera hlutina betur saman. Það er mikilvægt að halda ró sinni þegar hlutirnir eru ekki að ganga upp og vinna í þeim á æfingarsvæðinu.“

Valur vann alla níu útleiki sína en tapaði tveimur á heimavelli, á tímum COVID-19 hefur forskotið, sem heimavöllurinn á að vera, horfið. Færri áhorfendur og stundum engir. „Ég hafði ekki mikið spád í þessu svona, við töluðum um það í sumar að við erum ekki ánægðir með gengi liðsins á heimavelli. Við viljum að heimavöllur okkar sé alvöru vígi, að hingað séu lið smeyk við að koma og spila. Það tókst ekki í sumar en á móti kemur að við stigum ekki feilspor á útivelli, það er jákvætt.“

## Frábært að koma aftur heim

Valsmenn verða í Meistaradeild Evrópu á næsta ári og skoða nú hvað skal gera er varðar styrkingu á leikmannahópnum. „Mótið var að klárast og nú förum við að setjast niður og fara yfir þetta. Auðvitað viljum við á næsta ári standa okkur vel í Evrópukeppninni. Forsendan fyrir því að ná árangri í Evrópu er að vera góðir yfir sumarið hérna heima í deildinni. Þá kemur sjálfstraustið og menn eru þá klárir í Evrópu-leiki, þeir leikir eru alla jafna talsvert erfiðari en leikirnir í deildinni hérna heima,“ sagði Heimir, sem er ánægður með endurkomu sína í íslenska fótboltann.

„Það er alltaf gaman að koma til baka og Valur er frábær klúbbur til að starfa fyrir. Það er vel staðið að öllum málum, vel hugsað um leikmenn og þjálfara. Það er flott fólk að starfa í kringum félagið, við þurfum að vera ánægðir með uppskeruna. Það má samt gera betur og það er bara að æfa vel í vetur og gera betur á næsta ári.“ ■

**HAPPY DOG** **HAPPY CAT**

*Fóðrað af ástriðu*

GÆLUDÝRAFÓÐUR Í MEIRA EN HÁLFA ÖLD

# Heilbrigði og hamingja

BEINT FRÁ ÞÝSKALANDI

*Náttúruleg  
innihaldsefni*

*Smakkabýrgð*

15 kg. hundafóður  
8.900 kr.



4 kg. kattafóður  
2.990 kr.



**gæludýr.is**

Smáratorg 1 • Bíldshöfða 9 • Helluhraun 16-18 • Fiskislóð 1  
[www.gaeludyr.is](http://www.gaeludyr.is)

## SAND KORN



MYND/ANTON BRINK

### Svanhildur á stefnumóti

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fyrrverandi stjórnarformaður VÍS og fyrrverandi hluthafi í Skeljungu, og Grímur Garðarsson, einn eigenda fjárfestingarfélagsins Vörðu Capital, hafa sést hönd í hönd. Grímur var áður í sambandi með Önnu Lilju Johansen en upp úr því slitnaði fyrr á árinu. Svanhildur Nanna er fyrrverandi fimleikastjarna og hefur verið umsvifamikil í íslensku viðskiptalífi til lengri tíma.



MYND/AÐSEND

### Pungvax með piparkökulykt

Bræður í Borgarnesi opnuðu nýverið vefverslunina [herrahellirinn.is](http://herrahellirinn.is) sem hefur vakið kátínu margra fyrir nýstárlegar vörur. Sérleg jólavara flýgur hátt á samfélagsmiðlum sem stendur en það er sérlegt pungvax með piparkökulmi. Vaxið er auðvitað vegan og náttúrulegt og fylgir piparkökuvarsalvi með. Uppskriftin ku vera leynileg. Annar eigandi verslunarinnar, Sigurður Árni Júlíusson, segir pungvaxið svínvirka. „Þetta er í raun svitalyktareyðir fyrir nára og eistu á karlmönnum. Ég á klassísku útgáfuna en á eftir að prófa með jólailm-inum,“ segir Stefán, sem segir söluna fara mjög vel af stað. Á vefsíðunni er einnig hægt að kaupa snákaolíu og geirvörtukrem. ■



Ástar-pungur!

LOKI

## Jólaóróinn í ár

GEORG JENSEN

HÖNNUÐUR: SANNE LUND TRABERG

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)



2020 Christmas Noël Jul 2020

Verð aðeins

**7.700.-**

